


**skoðun** 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Pústþjónusta










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
30. mars 2011
74. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




## Farsæl sjoppa flytur

*Skalli við Vesturlandsveg opnar á nýjum stað í vikunni.*

**tímamót** 18

## Heillaður af Lebowski

*Davíð Þorsteinsson eðlisfræðikennari skrifaði lærða grein um The Big Lebowski.*

**fólk** 30



## Sópurinn mundaður

*Stjarnan er á góðri leið með að sópa Íslandsmeisturum Snæfells úr leik í körfunni.*

**sport** 26

**veðrið í dag**




**RIGNING** Í dag verða austan 8-13 m/s. Víða rigning síðdegis en úrkomulítið NA-til. Hiti 3-8 stig.

**VEÐUR** 4

# Fá bætur vegna samráðs

**Verið er að ganga frá greiðslum til hátt í 100 einstaklinga sem kvörtuðu til Neytendasamtakanna vegna verðsamráðs olíufélaganna árið 2005. Ekki er búist við háum greiðslum. Fordæmið er greiðsla sem trésmiður fékk árið 2008.**

**SAMKEPPNISMÁL** Verið er að leggja lokahönd á samninga á milli þriggja olíufélaga og hátt í 100 einstaklinga sem lögðu fram kvartanir til Neytendasamtakanna (NS) þegar samkeppnisyfirvöld afhjúpuðu níu ára langt verðsamráð fyrirtækjanna árið 2005.

NS ákváðu í janúar árið 2005 að höfða mál fyrir hönd neytenda sem skiluðu inn nótum sem sönnuðu viðskipti þeirra við olíufélögin Esso, Olís og Skeljung. Á þeim tíma voru ekki komin fram lög um hópmálsóknir og því hefur málið verið látið liggja í sex ár.

Jóhannes Gunnarsson, formaður NS, segir að málinu sé að ljúka. „Þetta hefur dregist, því miður. En ég vona að þessu ljúki á allra næstu dögum. Málið vannst á sínum tíma og það liggur fyrir að fólkið fær bætur.“ Hann vill ekki tjá sig efnislega um innihald samninganna fyrr en búið er að ganga frá þeim að fullu.

**6** ár eru liðin frá því að Neytendasamtökin höfðuðu mál gegn olíufélögunum þremur, Esso, Olís og Skeljungi. Hundrað einstaklingar munu væntanlega fá greiddar bætur.

Lögfræðistofa Reykjavíkur er með umboð fyrir mál einstaklinganna og er hvert og eitt mál metið stakt. Peningabætur fara eftir umfangi þeirra gagna sem skilað var til NS.

Árið 2007 var Ker hf., sem áður átti Esso, dæmt til að greiða Sigurði Hreinssyni, trésmið frá Húsavík, 15 þúsund krónur í bætur með vöxtum. Málið byggði hann á bensínnótum frá árunum 1995 til 2001. Hann krafði Ker um 180 þúsund krónur vegna bensíns sem hann hafði keypt hjá Esso á því tímabili, þar sem sannað var að olíufélögin höfðu með sér samráð. Mál Sigurðar er eina klára fordæmið sem liggur fyrir í málinu. Hann safnaði afar samviskusamlega saman öllum bensínnótum sem hann fékk á því tímabili sem verðsamráðið átti sér stað og keypti bensín fyrir um það bil tvær milljónir króna.

Miðað við mál trésmiðsins frá Húsavík verða bæturnar sem þessir hundrað einstaklingar munu fá því líklega ekki háar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu þeir aðilar sem Lögfræðistofa Reykjavíkur er með umboð fyrir fá greiddar bæturnar með dráttarvöxtum sem reiknast frá því tímabili sem nóturnar segja til um. Einungis á eftir að ganga að fullu frá samningum við eitt olíufyrirtæki. **- sv**



**GENGIÐ BROSANDI FRÁ BORÐI** Þau Dagur B. Eggertsson, Jón Gnarr, Bjarni Bjarnason og Heiða Kristín Helgadóttir voru glaðbeitt þegar blaðamannafundi lauk í höfuðstöðvum Orkuveitunnar í gær. Húsnæðið við Bæjarháls er nú meðal þeirra eigna OR sem eru til sölu til þess að bjarga fyrirtækinu. „Ef einhver kemur með gott boð, göngum við hér út brosandi,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri OR. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meirihluti borgarráðs hefur ákveðið að veita Orkuveitunni 12 milljarða króna lán:

# Tæknilega gjaldþrota fyrirtæki

**ORKUMÁL** Orkuveitu Reykjavíkur (OR) vantar 50 milljarða króna til þess að forðast gjaldþrot. Reykjavíkurborg mun lána fyrirtækinu 12 milljarða til 15 ára til þess að hjálpa til við að brúa bilið. Væntanlegar eru enn frekari gjaldskrárhækkanir, sala eigna, og umfangsmikil hagræðing blasir við.

Bjarni Bjarnason, nýráðinn forstjóri OR, líkir fyrirtækinu við skip sem hefur strandað og nauðsynlegt sé að bera allt frá borði sem ekki teljist til brýnustu nauðsynja. Hann telur að sala á Gagnaveitu Reykjavíkur myndi hjálpa OR á réttan kjöl, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um sölu að svo stöddu.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir þróun starfsemi Orkuveitunnar hafa verið glæfralega síðastliðin ár og nauðsynlegt sé að grípa til viðeigandi aðgerða sem fyrst. Borgarráð hefur kallað eftir ítarlegri úttekt á starfsemi OR aftur í tímann.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR, segir þau mörgu ummæli sem hafa verið látin falla um bága stöðu fyrirtækisins að undanförnu hafa haft slæm áhrif á ímynd OR. Hann segir viðbrögð erlendra banka mikil vonbrigði.

**- sv / sjá síðu 4**

Fundað um kjaramálin í dag:

# Þarf að fá fram afstöðu ríkisins

**KJARAMÁL Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar ætla að funda með forsvarsmönnum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í dag til að ræða aðkomu stjórnvalda að því að leysa úr þeim hnúti sem kjaraviðræður virðast í.**



VILHJÁLMUR EGILSSON

**„Það er lykilatriði ef við ætlum að gera samning til þriggja ára að hafa sýn á framtíðina sem er líkleg til árangurs,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, eru forsvarsmenn SA ósáttir við að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi ekki mætt á fund með forsvarsmönnum ríkisstjórnarflokkanna, LÍÚ og SA síðdegis á mánudag.** **- bj / sjá síður 6**










## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er ráðlagt að rokka svona til í þyngd?*

„Já, það er hægt að rokka feitt þó maður fái sér popp af og til.“

Kristján B. Heiðarsson er trommuleikari í þungarokkshljómsveit en gaf nýlega út sólóplötu með léttari tónlist. Þar má finna þjóðlagaskotin popplög.

Íslendingar styðja Noreg og Kanada í deilum við ESB um selaafurðir:

# Mótmæla innflutningsbanni

**UTANRÍKISMÁL** Jón Bjarnason, sjávar- og landbúnaðarráðherra, hefur lýst yfir stuðningi við Noreg og Kanada í máli þeirra gegn ESB á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO.

Á fundi í deilunefnd WTO síðastliðinn föstudag óskaði Ísland jafnframt eftir því að taka þátt í málsmeðferð kærunefndar sem þriðji aðili málsins. Deilan snýst um reglugerð ESB sem kveður á um bann við innflutningi selaafurða inn á markaðssvæði ESB.

Í tilkynningu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í gær er stuðningur Íslands við Noreg og Kanada sagður í fullu samræmi við fyrri yfirlýsingar Íslands á alþjóðavettvangi, meðal annars í bréfi frá Steingrími J. Sigfússyni, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, árið 2009 til Joe Borg, framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB.

Á norska fréttavefnum ABC Nyheter er fullyrt að málið hafi valdið innbyrðis ágreiningi í íslensku ríkisstjórninni. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er sagður hafa verið andvígur því, að Ísland lýsti yfir stuðningi við Noreg og Kanada í málinu gegn ESB. **- gb**



**ÁGREININGUR RÁÐHERRA** Í norskum fréttamiðli er fullyrt að deilur hafi verið um málið innan íslensku ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðalfundur kúabænda ályktar:

# Engin rök fyrir ábúðarskyldu

**LANDBÚNAÐUR Engin rök eru fyrir því að grípa þurfi til jafn íþyngjandi og harkalegra aðgerða og að lögfesta ábúðarskyldu á jörðum og lögþvinga notkun ræktarlands, að mati aðalfundar Landssambands kúabænda.**

**Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra sagði á búnaðarþingi að til stæði að breyta jarðalögum.**

**Aðalfundur kúabænda telur að áform ráðherrans gangi of langt. Eðlilegra væri að nauðsynleg verndun lands byggði á grunni skipulags- og byggingarlaga. - bj**



**STUÐNINGSMENN ASSADS** Stuðningsfólk forsetans fjölmennti í gær út á götur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppgjör í Sýrlandi:

# Ríkisstjórnin segir af sér

**SÝRLAND, AP Ríkisstjórn Sýrlands sagði af sér í gær í von um að lægja með því mótmælaöldur, sem magnast hafa dag frá degi undanfarna viku.**

**Beðið var eftir ávarpi frá Bashar Assad forseta, þar sem hann hugðist afnema neyðarlög frá 1963 og létta öðrum hömlum af ýmsum réttindum og stjórnmálafrelsi.**

**Átök mótmælenda við öryggissveitir landsins hafa kostað tugi manna lífið síðan mótmælin hófust 18. apríl síðastliðinn. Ekki er vitað hvort mótmælendur munu sætta sig við að Assad forseti verði áfram við völd. - gb**

## TRÚMÁL

### Kosið um vígslubiskup

Niðurstöður kosninga til embættis vígslubiskups í Skálholti verða birtar 13. apríl. Kosið er milli fimm presta, þeirra Agnesar M. Sigurðardóttur, Jóns Dalbú Hróbjartssonar, Karls V. Matthíassonar, Kristjáns Vals Ingólfssonar og Sigrúnar Óskarsdóttur.

## LÖGREGLUMÁL

### Um 42 prósent óku of hratt

Lögreglan stöðvaði 28 ökumenn sem óku yfir löglegum hámarkshraða á Borgarholtsbraut í Kópavogi í gær. Á klukkustund fóru 66 ökutæki eftir götunni, þar af óku 28 á ólöglegum hraða, eða um 42 prósent. Meðalhraði hinna brotlegu var 45 kílómetrar á klukkustund en hámarkshraðinn er 30 kílómetrar á klukkustund.

# Garðbæingar ósáttir við veislur í rólóhúsi

**Varamaður í skipulagsnefnd Garðabæjar segir ónæði stafa af samkvæmum í húsi Kiwanismanna í Faxatúni. Líka af skemmtanahaldi í skátaheimili. Leigjum ekki út á kvöldin segir skátaforinginn. Kiwanismenn segjast ekki hittast til víndrykkju.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Auður Hallgrímsdóttir, varamaður minnihluta Fólksins í bænum í skipulagsnefnd Garðabæjar, segir mikla óánægju meðal íbúa við göturnar Faxatún og Goðatún vegna ónæðis frá skátaheimili og húsi Kiwanismanna í hverfinu.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi á Silfurtúnssvæðinu er gert ráð fyrir skrúðgarði á gömlum róluvelli við Faxatún. Þetta segir Auður Hallgrímsdóttir vera eina af betri hugmyndunum í tillögunni því mikið ónæði sé af umsvifum Kiwanis-manna á róluvellinum.

„Í gamla gæsluvallarhúsinu á þessum róluvelli hafa Kiwanismenn haldið til í tæplega þrjátíu ár, íbúum Faxatúns til ómælds ama og óþæginda,“ segir Auður. Gamli Róluvöllurinn er milli bakgarða íbúðarhúsa við Faxatún. Kiwanis-klúbburinn Setberg hefur þar aðsetur sitt í húsi í eigu bæjarins.

„Þarna halda þeir félagsfundi með alls kyns umstangi auk þess sem ónæði er af bílaumferð inn á viðkvæman stað. Síðan leigja þeir húsið til veisluhalda um helgar. Á sunnudagsmorgnum eru íbúarnir svefnlausir eftir veislur í rólóhúsinu og þurfa að byrja daginn á að tína upp bjórdósir í görðunum sínum,“ lýsir Auður ástandinu.

Matthías G. Pétursson, stjórnarmaður í Kiwanisklúbbnum Setbergi, segist kannast við að sumir hafi fett fingur út í bílaumferð að húsi Setbergs. Sögur af ónæði vegna veisluhalda komi honum hins vegar á óvart. „Útleigan er í algjöru lágmarki og er helst fyrir fermingarveislur eða afmæli fyrir fimmtuga eða eldri. Það er ekki verið að leigja unglingum eða ungum krökkum þannig að það er ekki óreglunni fyrir að fara,“ segir hann.

Félagsmenn í Setbergi um tuttugu talsins. Matthías segir þá funda hálfsmánaðarlega. Meðalaldur Setbergsmanna sé um sjötugt. „Markmið okkar er að styðja við íbúa bæjarins og höfum gert það. Þetta er bara klúbbur sem er að láta gott af sér leiða en er ekki að hittast til að drekka brennivín eða halda fagnaði.“

Þá segir Auður íbúa Faxatúns og Goðatúns sem næst séu skátaheimili á Bæjarbraut vera mjög ósátta. „Húsið er leigt út fyrir skemmtanir um helgar og það þýðir mikið ónæði fyrir íbúana enda snúa svefnherbergi þeirra að skátaheimilinu,“ segir hún.

Skátaheimilið, sem byggt var 2005, hýsir bæði Skátafélagið Vífil og Hjálparsveit skáta. „Um leið og kvartanir bárust frá íbúum hættum við að leigja salinn út fyrir veislur á kvöldin,“ segir Hafdís Bára Kristmundsdóttir, félagsforingi Vífils. **gar@frettabladid.is**



**KIWANISHÚSIÐ VIÐ FAXATÚN** Á aflóga róluvelli við baklóðir íbúarhúsa við Faxatún hefur Kiwanisklúbburinn Setberg aðstöðu í gömlu húsi í eigu bæjarins. Fjær sést skátaheimili Vífils í blárri byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðlögun að reglum ESB:

# Norðmenn eru næstduglegastir

**NOREGUR** Þrátt fyrir vaxandi andstöðu í Noregi við aðild að Evrópusambandinu eru Norðmenn næst duglegastir allra EES-ríkjanna við að innleiða tilskipanir og reglugerðir sambandsins í eigin lög.

Þeir hafa nú innleitt 99,8 prósent af samtals 1777 tilskipunum ESB. Einungis fjórar eru óafgreiddar. Duglegastir í þessu eru Maltverjar, en Ítalir standa sig verst.

Norðmenn hafa reyndar bætt sig mjög í þessum efnum, því fyrir tveimur árum voru þeir í 21. sæti af 30. **- gb**

Kosið í stjórn VR:

# Úrslitin verða kynnt í dag

**FÉLAGSMÁL Það skýrist í dag hver tekur við formannsembætti VR, stærsta verkalýðsfélags landsins. Þrjár konur og fjórir karlmenn hafa gefið kost á sér.**

**Atkvæðagreiðslu vegna kjörs formanns og stjórnar VR lýkur á hádegi og verða úrslitin kynnt strax í dag. Kosningabærir félagsmenn eru 28.417 talsins. - hh**

Skipan fulltrúa í stjórnlagaráð:

# Aðeins einn tekur ekki sæti

**STJÓRNLAGARÁÐ** Tilkynnt verður í dag hverjir af þeim 25 sem kjörnir voru til setu á stjórnlagaþingi ætla að taka sæti í stjórnlagaráði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa 24 ákveðið að taka sæti, aðeins Inga Lind Karlsdóttir tekur ekki sæti.

Þeim sem náðu kjöri var gefinn frestur til miðnættis í gær til að svara því hvort þeir ætluðu að taka sæti. **- bj**




Borgarastyrjöld geisar á Fílabeinsströndinni milli liðsmanna tveggja forseta:

# Lið Gbagbos á undanhaldi

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP** Uppreisnarmenn, sem berjast fyrir réttkjörinn forseta Fílabeinsstrandarinnar, hafa náð fleiri borgum á sitt vald í átökum, sem kostað hafa hundruð manna lífið.

Laurent Gbagbo hefur verið forseti landsins síðan árið 2000 en tapaði í forsetakosningum í nóvember síðastliðnum.

Hann hefur ekki viljað láta af völdum þrátt fyrir þrábeiðni leiðtoga flestra nágrannaríkja Fílabeinsstrandarinnar, og þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið hafi almennt viðurkennt að Alassane Ouattara sé réttkjörinn forseti landsins.

Átökin hafa hrakið meira en milljón manns á flótta. Um 20 þúsund manns flýðu í gær til borgarinnar Duekoue, sem stuðningsmenn Ouattaras náðu á sitt vald á mánudag.



**LIÐSMENN OUATTARAS** Hafa náð tveimur borgum í viðbót úr höndum Gbagbos, sem neitar að láta af völdum. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær náðu þeir tveimur öðrum borgum á sitt vald, Daloa sem er miðsvæðis í landinu og Bondoukou í austurhlutanum. **- gb**



**26.900,-**

**Gasgrill**
Outback Omega 200EX .
2 brennarar 6.2 Kw.
Grillflötur 50x36 cm.
3000235



**29.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

AUTHOR

**Reiðhjól**
**26" Vectra**
21" Hi Ten stell.
18 gíra Shimano Revoshift
3899998

# VORIÐ ER KOMIÐ

**Stingsög**
**Power Plus.**
500W, framkast.
5245208

**3.795,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**NÚ ER TÍMI TIL AÐ KLIPPA**



**12.995,-**

**Rafmagnshekkklippur**
**Texas.**
650W, 61cm blað, 20 mm klippigeta.
5083595

**NILFISK**

**Háþrýstidæla, frábær til að þrífa pallinn.**
NILFISK, 1400W
110 Bar. 440 ltr/klst.
5254241

**17.995,-**



**Vandaðar amerískar með framlengjanlegu skafti**



**Greina klippur**
5084652

**3.375,-** ~~4.499,-~~

**Greinaklippur**
5084653

**3.375,-** ~~4.559,-~~

**Hekkklippur**
5084651

**3.375,-** ~~4.499,-~~

**25% AFSLÁTTUR**

**Laufhrífa**
5084338

**795,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**6.995,-**

**Ruslavagn**
**Claber.**
5081642



**Látum verkin tala!**

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

GILDIR TIL 4. APRÍL

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 29.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,69 | 115,23 |
| Sterlingspund | 183,44 | 184,34 |
| Evra | 161,54 | 162,44 |
| Dönsk króna | 21,659 | 21,785 |
| Norsk króna | 20,437 | 20,557 |
| Sænsk króna | 17,994 | 18,1 |
| Japanskt jen | 1,399 | 1,4072 |
| SDR | 181,25 | 182,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,1905

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúi minnihluta í stjórn OR segir björgunaráætlanir að mörgu leyti skynsamlegar:

# Telur tíð forstjóraskipti Orkuveitu mistök

**ORKUMÁL** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir aðgerðaráætlun fyrirtækisins að mörgu leyti skynsamlega. Hann telur þó að tíð forstjóraskipti fyrirtækisins og uppsögn fjármálastjóra á síðustu mánuðum hafi haft slæm áhrif á viðhorf erlendra banka. Hann segir yfirlýsingar bankanna gríðarleg vonbrigði. Kjartan situr einnig í stjórn OR.

„Ég er hræddur um að það hafi verið röng ákvörðun að skipta um þessa tvo lykilstjórnendur,“ segir Kjartan, og á þar við Hjörleif Kvaran, fyrrverandi forstjóra, og Önnu Skúladóttur, fyrrverandi fjármálastjóra. „Einnig hafa öll þau klaufalegu ummæli sem hafa verið látin falla í fjölmiðlum alveg örugglega ekki hjálpað og sennilega dregið úr vilja bankanna til að endurfjármagna.“

> Ég er hræddur um að það hafi verið röng ákvörðun að skipta um þessa tvo lykilstjórnendur
>
> KJARTAN MAGNÚSSON BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



KJARTAN MAGNÚSSON

Kjartan er í meginatriðum sammála því að selja sem mest af eignum Orkuveitunnar og styður tillögu forstjórans um að koma Gagnaveitunni í verð. Hann dregur þó gjaldskrárhækkanirnar í efa og segir þá útreikninga sem liggi fyrir ekki fullnægjandi.

Kjartani líst vel á áform borgarráðs að láta gera úttekt á starfsemi Orkuveitunnar aftur í tímann. Það sé þó ekkert nýtt, heldur séu reglulega gerðar slíkar úttektir.

„Ég tel að það væri rétt að málin yrðu skoðuð alveg frá stofnun fyrirtækisins,“ segir hann. „Það verður ekki litið framhjá því að afar margar skuldir urðu til á tímabilinu 2003 til 2006.“ - sv




**OKURVERÐ** Svona var eldsneytisverðið 8. mars. Hækkandi eldsneytisverð er meðal þátta sem aukið hafa verðbólgu milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eldsneytisverð hefur áhrif:

## Verðbólga komin í 2,3 prósent

**EFNAHAGSLÍF** Verðbólga jókst um 0,95 prósent milli febrúar og mars samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

Ársverðbólga mælist því 2,3 prósent í mars, en var í fyrri mánuði 1,9 prósent. Fram kemur í umfjöllun Hagstofunnar að verðbólga hafi aukist um 1,2 prósent síðustu þrjá mánuði, en það jafngildi 5,0 prósenta verðbólgu á ári.

Fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka um verðbólguna að hækkandi eldsneytisverð, útsölulok og hækkun íbúðaverðs hafi hvað mestu ráðið um aukna verðbólgu í mars. „Þeir liðir sem héldu aftur af mánaðarhækkuninni nú voru fyrst og fremst verð dagvöru og þjónustu,“ segir í morgunkorni bankans í gær. - óká

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að sækja ætti fé í sjóði Orkuveitunnar til að bjarga rekstri fyrirtækisins. Sækja á í sjóð borgarinnar, aðaleiganda OR. Þá seldi OR ekki hlut sinn í Landsvirkjun heldur Reykjavíkurborg.

Ranghermt var í frétt um rafgreiningarbúnað sem framleiðir vetni í bílvélar að fyrirtækið HB tæknipjónusta hafi hætt við að koma upp slíkum búnaði eftir prófanir. Fyrirtækið sem hætti við heitir HBT International og er íslenskt tæknifyrirtæki.

# Orkuveitan sigldi í strand

**OR þarf 50 milljarða til þess að borga skuldir sínar. Sala eigna, hækkun gjaldskráa og frestun framkvæmda er meðal annars ætlað að brúa bilið. Nauðsynlegt að endurskoða hlutverk fyrirtækisins, segir forstjóri OR.**

**ORKUMÁL** Ljóst er að óleyst fjárþörf Orkuveitu Reykjavíkur út árið 2016 er um 50 milljarðar króna. Þeir peningar eiga að fást með umfangsmikilli hagræðingu og breytingum á starfsemi fyrirtækisins. Hækkun fráveitu- og hitaveitugjalda, innri hagræðing og frestun fjölda framkvæmda er meðal þess sem er ætlað að brúa þetta stóra bil. Sala á eignum Orkuveitunnar, þar á meðal höfuðstöðvunum við Bæjarháls, Perlunni og Gagnaveitu Reykjavíkur, á að skila fyrirtækinu um tíu milljörðum króna.

Ef ekkert verði að gert er óvíst hvort nægir peningar væru til þess að borga starfsfólki laun í lok aprílmánaðar. Má segja að fyrirtækið sé tæknilega gjaldþrota.

Bjarni Bjarnason, nýráðinn forstjóri OR, segir mikla endurskipulagningu fram undan.

„Orkuveitan er strand,“ segir Bjarni. „Og líkt og menn gerðu þegar skipið Goðafoss strandaði á dögunum þarf að bera allt frá borði sem ekki þarf að vera þar.“

Bjarni segir ímyndarvanda fyrirtækisins mjög alvarlegan og nauðsynlegt sé að ráða á honum bót nú þegar. „Orkuveitan veit ekki hver hún er eða hvers er ætlast til af henni,“ segir hann og nefnir þar hina ýmsu titla fyrirtækisins sem tilgreindir eru á heimasíðu þess. Þá segir hann brýnt að endurskoða kjarnastarfseminа. Orkuveitan sé fyrst og fremst veitu- og þjónustufyrirtæki í eigu almennings. Bjarni skilgreinir hvorki Gagnaveituna né vinnslu raforku til stóriðju sem kjarnastarfsemi. Þó liggur ekki fyrir ákvörðun um sölu á Gagnaveitunni. Talið er að hún sé metin á um fimm milljarða króna. Bjarni segir Gagnaveituna í raun einu eign Orkuveitunnar sem skili tekjum svo nokkru nemi.




**LAUSNIN KYNNT** Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, kynnti fyrir blaðamönnum umfangsmikla aðgerðaráætlun til bjargar fyrirtækinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur í tölum

| Aðgerð | Áætlað fjármagn til ársins 2016 |
|---|---|
| Frestun viðhaldsfjárveitinga | 15 milljarðar |
| Dregið verður úr viðhalds- og nýfjárfestingum í veitukerfum OR. | |
| Dregið úr öðrum fjárfestingum | 1 milljarður |
| Lækkun á ófyrirséðum fjárfestingum kallar á aukið aðhald varðandi fjárfestingar. | |
| Hækkun gjaldskráa | 8 milljarðar |
| Fráveitugjald verður hækkað um 45 prósent og hitaveitugjald um 8 prósent. | |
| Eignasala | 10 milljarðar |
| Sala á höfuðstöðvum OR við Bæjarháls, Perlunni, hugsanlega Gagnaveitunni og öðrum eignum sem ekki eru skilgreindar sem kjarnastarfsemi. Veruleg óvissa ríkir um hvort takist að selja eignirnar á tímabilinu. | |
| Aukin hagræðingarkrafa | 5 milljarðar |
| Starfsmönnum mun fækka um 90 á tímabilinu en ófyrirséð er hvort beinar uppsagnir munu eiga sér stað. | |
| Lán frá eigendum | 12 milljarðar |
| Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð veita OR verðtryggt lán til 15 ára. | |
| **Alls** | **51 milljarður** |

Spurður hvort þetta umfangsmikla verkefni sem fram undan er vaxi honum í augum segist Bjarni þvert á móti hlakka til.

„Þetta er afar mikilvægt fyrirtæki og það skiptir máli að það sé rekið með trausti. Það er svo samofið nútíma lífsgæðum að ég hlakka til að fást við þetta,“ segir hann.

Reykjavíkurborg samþykkti í gær tólf milljarða króna björgunarpakka til þess að mæta lausafjárvanda fyrirtækisins. Átta milljarðar verða greiddir út í apríl næstkomandi og fjórir milljarðar árið 2013. Lánveitingin minnkar haldbært fé Reykjavíkurborgar í árslok, en í tilkynningu frá borgarstjórn segir að sú fjárhæð standi engu að síður í rúmum átta milljörðum króna.

Borgarráð ákvað í desember að láta gera ítarlega úttekt á málum Orkuveitunnar og var sú ákvörðun færð til bókar á borgarráðsfundi í fyrradag. Jón Gnarr borgarstjóri segir mál fyrirtækisins afar tyrfið og mjög flókið í alla staði.

„Við munum láta gera þessa úttekt eins fljótt og mögulegt er,“ segir Jón. „Og munum fá til þess mjög hæfa og óháða einstaklinga.“ Óvíst er hvenær niðurstöður úttektarinnar munu liggja fyrir.

sunna@frettabladid.is

### Hækkanir á gjaldi

Gjaldskrá á heitu vatni og fráveitugjöldum mun hækka 1. maí næstkomandi. Fráveitugjöld munu hækka um 45 prósent en heita vatnið um 8 prósent.

Þessar hækkanir verða um 1.500 króna viðbót við hitaveitureikninga fyrir100 fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Gjaldskrá Orkuveitunnar hækkaði síðast í nóvember í fyrra. Með komandi breytingum í maí mun hitaveitugjald hafa hækkað um 40 prósent frá því í október 2010.

> Orkuveitan veit ekki hver hún er eða hvers er ætlast til af henni
>
> BJARNI BJARNASON FORSTJÓRI OR




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**RIGNING MEÐ KÖFLUM** Það má segja að veður verði nokkuð gott næstu daga þrátt fyrir úrkomu í kortunum. Vindur verður fremur hægur og ætti að glitta í sólina á milli skúra. Milt í veðri og ætti hitinn að ná að minnsta kosti 4-5°C í allflestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 10° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 2° |
| París | 14° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



## KJÖRKASSINN




*Ætti að lækka opinberar álögur á eldsneyti?*

| | |
|---|---|
| Já | 89% |
| Nei | 11% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú ákvörðun Reykjavíkurborgar að lána OR 12 milljarða króna?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Sex af tíu landsmönnum lesa Fréttablaðið samkvæmt nýrri lestrarmælingu Capacent:

# Mæla lestur allra blaða á dagblaðaformi

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er sem fyrr langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt nýrri mælingu Capacent. Lestur á Fréttatímanum er nú í fyrsta skipti inni í lestrarmælingum og lestur á DV er mældur aftur eftir nokkurt hlé.

Samkvæmt upplýsingum frá Capacent stendur til að mæla lestur á öllum blöðum sem gefin eru út í dagblaðaformi. Því má búast við mælingum á lestri á Viðskiptablaðinu, Finnur.is og mögulega öðrum blöðum sem gefin eru út reglulega.

Nýjustu mælingar Capacent leiða í ljós að 60 prósent landsmanna lesa Fréttablaðið að meðaltali. Það er 0,9 prósentustigum minna en í síðustu mælingu, sem gerð var í október. Lesturinn er mestur meðal höfuðborgarbúa á aldrinum 18 til 49 ára, 71,8 prósent.

Alls lesa 33,2 prósent landsmanna Morgunblaðið, og hefur lesturinn aukist um 1,7 prósentustig frá því í október. Um 28,6 prósent höfuðborgarbúa á aldrinum 18 til 49 ára lesa hvert tölublað.

Um 41,8 prósent landsmanna lesa Fréttatímann, sem kemur út einu sinni í viku, á föstudögum. Um 48,6 prósent höfuðborgarbúa 18 til 49 ára lesa blaðið.

Alls lesa 12,5 prósent DV, sem kemur út þrjá daga í viku. Um 10,7 prósent höfuðborgarbúa á aldrinum 18 til 49 ára lesa blaðið að meðaltali. - bj

**Meðallestur á hvert tölublað**




Heimild: Capacent

Skúmaskot til ama í Ölfusi:

# Börn ganga um í ælu og þvagi

**FÉLAGSMÁL** Skot við innganginn á Félagsmiðstöðinni Svítunni á Þorlákshöfn er til ama fyrir unglinga í Ölfusi, að því er ungmennaráð sveitarfélagsins segir.

„Helsti gallinn við húsnæðið er skotið við innganginn því fyrir ofan félagsmiðstöðina er bar og þetta skot virðist verða salerni um helgar.

Því er nauðsynlegt að loka þessu skoti svo ungmenni þurfi ekki að ganga í þvagi og ælu þegar þau mæta í félagsmiðstöðina á mánudögum. Ekki er við hæfi að ungmenni í sjötta til tíunda bekk þurfi að ganga inn um inngang sem er í þessu ásigkomulagi,“ segir ungmennaráðið sem þó kveður unglingana almennt sátta við aðstöðuna í Svítunni og það sem þar er í boði. Ráðið hefur ákveðið að senda erindið til bæjarstjórnar. - gar

Fjármagna ekki tapreksturinn:

# Styðja við félög og fjárfestingar

**VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands ætlar ekki að fjármagna taprekstur fyrirtækja í eigu hans, að sögn Finnboga Jónssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins. Finnbogi var á meðal þátttakenda á Kauphallardegi Arion banka í gær. Þar var hann spurður um stefnu sjóðsins og aðstoð við fyrirtæki hans í fjárþörf.**



FINNBOGI JÓNSSON

**„Við getum stutt við félögin. Ef við leggjum fjármagn í félög þá verður það til uppbyggingar þeirra og til fjárfestinga,“ svaraði Finnbogi. Hann bendir á að sjóðurinn meti það hverju sinni hvort rekstur fyrirtækja í hans eigu sé sjálfbær til framtíðar eður ei.** - jab

# Jón mætti ekki á fund með SA og LÍÚ

**Jón Bjarnason mætti ekki til fundar með forsvarsmönnum ríkisstjórnarflokkanna, Samtaka atvinnulífsins og LÍÚ. Var erlendis, en upplýsingafulltrúi segist ekki kannast við fundarboð. Fjarvera Jóns meðal ástæðna fyrir óánægju SA.**

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mætti ekki til fundar sem hann hafði verið boðaður á með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og forystumönnum Samtaka atvinnulífsins og útvegsmanna síðdegis á mánudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom fjarvera Jóns á fundinum samráðherrum hans á óvart, en mikil áhersla hafði verið lögð á það mánuðum saman af hálfu forsvarsmanna í atvinnulífinu að fá fund með þessum þremur ráðherrum saman til að ræða áformaðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fulltrúar SA og Landssambands íslenskra útvegsmanna hafi verið mættir til fundar við ráðherrana þegar kom upp úr dúrnum að Jón Bjarnason væri farinn til Kaupmannahafnar á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Norðurlandaríkja, en fundarefnið er samstarf ríkjanna um erfðaauðlindir. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra munu hafa gert ráð fyrir að Jón mætti til fundarins, en fréttu utan að sér að hann væri farinn til Kaupmannahafnar.

Fjarvera sjávarútvegsráðherrans og þau svör sem fengust af hálfu hinna ráðherranna munu vera ein meginástæða þess að Samtök atvinnulífsins hafa lýst því yfir að lokakafla samningaviðræðna við Alþýðusambandið um nýjan kjarasamning hafi verið slegið á frest um óákveðinn tíma. Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að óvissa væri um aðkomu ríkisvaldsins að mörgum málum, þar á meðal sjávarútvegsmálum.

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sagði í samtali við Fréttablaðið að boð um þennan fund lægi ekki fyrir í ráðuneytinu. „Það var enginn slíkur fundur haldinn hér í ráðuneytinu né heldur að það liggi fyrir hér boð um slíkan fund. Hafi verið ákveðið að halda slíkan fund eftir að ráðherra fór utan er auðvitað ekkert við því að segja, en það má benda á að utanfarir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafa ekki verið margar á síðustu misserum og þetta er hans fyrsta utanferð á þessu ári.“ thorgils@frettabladid.is



**MÆTTI EKKI Á FUND** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ekki til fundar með formönnum stjórnarflokkanna og fulltrúum SA og LÍÚ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Segist hissa á SA

Yfirlýsingar Samtaka atvinnulífsins um að ríkisstjórnin sé ráðalaus þegar kemur að kjaraviðræðum koma á óvart, sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í viðtali við RÚV í gær. Steingrímur sagði góðan gang í vinnunni og að hægt yrði að ná saman um fleira en að kröfur um framtíðarfyrirkomulag sjávarútvegsmála væru inni í þessum viðræðum.

> Það var enginn slíkur fundur haldinn hér í ráðuneytinu né heldur að það liggi fyrir hér boð um slíkan fund.
>
> **BJARNI HARÐARSON**
> AÐSTOÐARMAÐUR JÓNS BJARNASONAR SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA




Jórdanar vilja fá bækur frá frumkristni sem fundust í helli aftur frá Ísrael:

# Gætu skýrt upphaf kristninnar

**FORNMINJAR** Merkur handritafundur, sem gæti varpað nýju ljósi á sögu frumkristninnar, er nú deiluefni Ísraela og Jórdana.

Handritin fundust í helli í Jórdaníu, líklega á árunum 2005 til 2007. Ónafngreindur bedúíni er sagður hafa fundið þær, en annar bedúíni er sagður hafa flutt þær til Ísraels. Hann segir fundarstaðinn lengi hafa tilheyrt fjölskyldu sinni.

BBC fullyrðir að Jórdanar vilji nú fá blýhandritin aftur frá Ísrael.

Handritin eru um það bil sjötíu talsins, en í hverri bók eru aðeins fimm til fimmtán blöð og þau eru ekki stærri en kreditkort. Blöðin eru steypt úr blýi og kopar og bundin saman með hringjum.

Skýrt er frá þessu á vefsíðum breska útvarpsins BBC. Þar er vitnað í sérfræðinga sem segja þennan handritafund hugsanlega jafnast á við Dauðahafshandritin og geti því varpað nýju ljósi á upphaf kristinnar trúar.

Bækurnar eru skrifaðar á fornhebresku og skreyttar ýmsum táknum, sem benda til tengsla við frumkristna söfnuði.



**FORN KIRKJUSTAÐUR** Þessi hellir í Jórdaníu er talinn vera elsta kirkja kristinna manna. Blýbækurnar fundust einnig í helli í Jórdaníu. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstu rannsóknir benda til þess að blýplöturnar séu frá fyrstu öld okkar tímatals, en rannsóknir eiga eftir að leiða í ljós hvort þarna sé um síðari tíma verk og hugsanlega fölsun að ræða. - gb



# LAGERSALA

Erum að flytja lagerinn okkar

# 30-70% AFSLÁTTUR!

Queen size rúm frá 99.000 kr.

**Rúmgaflar frá 14.000 kr.**

**Stillanleg rúm frá 176.000 kr.**

AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA!

Dúnsængur frá 29.175 kr.

Rúmstæði frá 199.000 kr.

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH!!! 250311

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvaða tignarlegi fugl sást frílista sig í Leirvogstungu í Mosfellsbæ á sunnudaginn?*

**2** *Hvað heitir eiginmaður Ásdísar Jennu Ástráðsdóttur?*

**3** *Hvað gera sjálfstæðismenn ráð fyrir að bensínverð lækki mikið með nýju lagafrumvarpi?*

**SVÖR**

**1.** *Fálki.* **2.** *Kevin Buggle.* **3.** *Um 28 krónur á lítra.*

Ný deiliskipulagstillaga fyrir Arnarnes kynnt á íbúafundi fyrir Garðbæinga:

# Engir stígar neðan sjávarlóða

**SKIPULAGSMÁL** Kynna á drög að nýju deiliskipulagi fyrir Arnarnes á íbúafundi á morgun. Þar er meðal annars tekið á þáttum eins og nýtingarhlutfalli lóða og göngustígum um hverfið.

„Á aðalskipulagi fyrir Garðabæ er stígur meðfram ströndinni og í deiliskipulagi má ekki ganga skemur en það. Sú tillaga sem nú er lögð fram gerir hins vegar aðeins ráð fyrir tveimur stígum út á nesið og þriðja stígnum sem þverar þá. Síðan er lagt til að vera aðeins með stiklur út frá þessum stígum niður að ströndinni. Þetta tel ég alls ekki ásættanlega niðurstöðu,“ segir Auður Hallgrímsdóttir, varamaður Fólksins í bænum í skipulagsnefnd Garðabæjar.



**AUÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR**

Varðandi göngustígana flækir nokkuð málin að eigendur húsa við sjávarsíðuna við Arnarnesvog hafa flestir lagt undir sig land í framhaldi af lóðum sínum og niður í fjöru. Þá eru eldri samningar um eignarlönd sagðir geta vafist fyrir í málinu.

„Það eru aðeins íbúar Arnarness sem fengið hafa boð frá bænum á þennan kynningarfund í Sjálandsskóla en ég tel málið mjög mikilvægt fyrir hagsmuni allra bæjarbúa og hvet sem flesta til að mæta,“ segir Auður Hallgrímsdóttir. **- gar**

Könnuðu póstverð í Evrópu:

# Bréfasendingar hagkvæmar hér

**PÓSTUR** Póstþjónusta er ódýrari hér en í nágrannalöndunum, að því er fram kemur í tilkynningu Íslandspósts. Miðað við ESB-lönd er þjónustan sögð sú fjórða ódýrasta.

Skýrsla sem gerð var fyrir ESB sýnir mikinn verðmun á póstþjónustu í Evrópu og miklar hækkanir á árunum 2005 til 2009. Tekið var tillit til kaupmáttar og er skýrslan því sögð sýna raunhæfan samanburð. Dýrust er þjónustan í Slóvakíu, Lettlandi, Noregi og Finnlandi. Ódýrast er á Möltu, í Slóveníu, Kýpur og á Íslandi. **- óká**


Dansaðu þig í fantaform!

ZUMBA® á Nordica Spa

Ný námskeið hefjast 5. apríl

» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur

4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar



Handklæði og herðanudd í pottunum!

Skráðu þig strax í síma 444 5090

NORDICASPA

www.nordicaspa.is


# Leita enn gagna vegna Kaupþings í útlöndum

**Efnahagsbrotadeild bresku lögreglunnar, sérstakur saksóknari og Lúxemborgarlögregla leituðu í gær gagna á fimm stöðum í Lúxemborg. Tveir leitanna voru á vegum sérstaks saksóknara. Sjötíu tóku þátt í aðgerðunum sem halda áfram í dag.**

**EFNAHAGSBROT** Lögregla leitaði gagna í þremur fyrirtækjum og á tveimur heimilum í Lúxemborg í gær. Leitirnar voru að beiðni efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar (SFO, Serious Fraud Office) og embættis sérstaks saksóknara á Íslandi, að því er fram kemur í tilkynningu sem SFO sendi frá sér í gær.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði lítið hægt að gefa upp um rannsóknina á meðan hún stæði yfir. Hann kvað aðgerðina hins vegar nokkuð umfangsmikla, ljóst væri að aðgerðirnar lögreglu sem hófust í gær myndu að minnsta kosti teygja sig fram til dagsins í dag. Ólafur, sem staddur er úti í Lúxemborg og tekur þátt í aðgerðunum, vildi ekki gefa upp hvort leitað yrði víðar.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Samkvæmt fréttum Stöðvar 2 í gær snýr rannsóknin að 28 milljarða króna láni sem Kaupþing lánaði félagi á Tortóla-eyju sama dag og bankinn fékk 80 milljarða lán hjá Seðlabanka Íslands sem átti að bjarga rekstri Kaupþings.

Alls eru sjö starfsmenn embættis sérstaks saksóknara lögreglu í Lúxemborg til aðstoðar, en ámóta margir komu frá SFO í Bretlandi. Í tilkynningu sem embætti sérstaks saksóknara sendi frá sér í gær kemur fram að 55 lögreglumenn frá lögreglunni í Lúxemborg hafi tekið þátt í húsleitunum. Alls koma því um 70 manns að aðgerðunum.



**KAUPÞING Í LÚXEMBORG** Svona voru höfuðstöðvar Kaupþings í Lúxemborg merktar í ársbyrjun 2008, en þar er nú til húsa Banque Havilland. FRÉTTABLAÐIÐ/BPS

BANQUE HAVILLAND

Tiltekið er í tilkynningu SFO að húsleitirnar tengist rannsókn á hruni Kaupþings banka, en meðal annars var leitað í fyrrum höfuðstöðvum bankans í Lúxemborg, en þar er nú til húsa Banque Havilland. Í tilkynningu sem bankinn sendi frá sér er áréttað að leitin tengist ekki bankanum heldur starfsemi Kaupþings banka fyrir daga Banque Havilland.

Auk rannsóknar sérstaks saksóknara stendur SFO fyrir sjálfstæðri rannsókn. Fram kemur í tilkynningu sérstaks saksóknara að framkvæmdar hafi verið tvær húsleitir á grundvelli réttarbeiðna frá embættinu. „Aðgerðirnar varða rannsóknir sérstaks saksóknara á málum er tengjast Kaupþingi banka, en sökum þess hve rannsóknirnar eru á viðkvæmu stigi er ekki unnt að gefa nánari upplýsingar um þau mál sem hér um ræðir,“ segir í tilkynningu sérstaks saksóknara.

Aðgerðirnar í gær koma í framhaldi af aðgerðum lögregluyfirvalda í Lundúnum og Reykjavík 9. og 10. þessa mánaðar þegar níu manns, þar á meðal fyrrverandi stjórnendur Kaupþings og viðskiptamennirnir Vincent og Robert Tchenguiz, voru færðir til yfirheyrslu vegna lánamála Kaupþings.

**olikr@frettabladid.is**


FSS

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags símsmiða 2011 verður haldinn þann 8, apríl 2011, kl. 16.30 í sal RSÍ að Stórhöfða 31 Reykjarvík (gengið inn á jarðhæð).

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum félagsins.

Einnig er á dagskrá kosningaúrslit um sameiningu FSS og Félags Íslenskra Rafvirkja.

Til afgreiðslu er lagabreyting er varðar stofnun ungliðahreyfingar innan RSÍ og ASÍ með þátttöku aðildarfélaga. Áhugasamir geta kynnt sér tillögu að þessari lagabreytingu á skrifstofu RSÍ.

*Stjórn Félags Símsmiða*



30 manna kransakaka eða marsipanbók 12.000 kr



Jón Arilíusson KÖKULIST Firði Hafnarfirði


Húsaleigubætur í Árborg:

# Breyting sögð ómanneskjuleg

**SVEITARSTJÓRNIR Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Árborg, segir að breyttar reglur um leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í sveitarfélaginu leiði til þess að lágmarkskostnaður þeirra sem nýti úrræðið fari úr 35 þúsund krónum í 42 þúsund.**

**„Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar leigjendum sem búa við mjög erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður. Það eru því mjög harkalegar og ómanneskjulegar aðgerðir að auka álögur á það fólk sem nýtir sér þennan rétt í miðri kreppu,“ bókaði Eggert á bæjarráðsfundi.**

**Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks sögðu um samhljóma ákvörðun félagsmálanefndar að ræða. „Það er álit fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að almennt eigi að virða niðurstöðu fagnefnda,“ bókuðu þeir.** **- gar**

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí



**Tilboðið gildir til 1. apríl! Einstakt verð!**

## Flugsæti

**Verð frá 49.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

5. apríl Tenerife
5. apríl Kanarí

Innifalið:
Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
* Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

## Tenerife



### Tropical Playa ★★★

Gott þriggja stjörnu íbúðahótel á Playa de las Américas, staðsett um 500 metra frá miðbænum og Playa de Troya ströndinni.

**5.–16. apríl**

**Verð frá 104.650 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna studio íbúð.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 114.650 kr.

## Kanarí



### Las Camelias ★★

Aðeins hjá VITA

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**5.–17. apríl**

**Verð frá 99.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna í íbúð.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 109.000 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



**Á SLÓÐUM KJARNORKUSLYSS** Sjö ára drengur, Kenshin Nakajima, sem bjargað var frá Fukushima, með hundi sínum við neyðarskýli í Saitama, sem er skammt frá Tókíó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir það rétt Vinstri grænna að vera á móti hernaði í Líbíu:

# Ísland lagðist ekki gegn aðgerðum NATO

**UTANRÍKISMÁL** Það er réttur þingflokks Vinstri grænna að andmæla því í ríkisstjórn að Atlantshafsbandalagið hafi tekið yfir stjórn aðgerða í Líbíu, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í viðtali við RÚV í gær.

„Við höfum rætt þær aðgerðir sem voru samþykktar og ályktað um í öryggisráðinu. Nú er það NATO sem hefur yfirumsjón með þessum aðgerðum en í eðli sínu hafa þær ekkert breyst, þær tillögur sem voru samþykktar. Ég geri engar athugasemdir við hvernig utanríkisráðherra hefur haldið á því máli en Vinstri græn hafa gert athugasemdir við það og það er bara þeirra mál,“ sagði Jóhanna.

> Nú er það að vísu ekki svo að Ísland hafi sem slíkt stutt þessar aðgerðir, en það lagðist ekki gegn þeim.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> FORMAÐUR VG OG FJÁRMÁLARÁÐHERRA



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Aðildarríki bandalagsins verða að ná samstöðu um allar ákvarðanir þess. Fulltrúi Íslands hreyfði engum andmælum þegar ákveðið var að taka yfir stjórn aðgerða.

„Nú er það að vísu ekki svo að Ísland hafi sem slíkt stutt þessar aðgerðir, en það lagðist ekki gegn þeim,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna, að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Hann sagði í viðtali við RÚV að þessi afstaða hafi ekki áhrif á setu Vinstri grænna í ríkisstjórn, en benti jafnframt á þá stefnu flokksins að vera andvígur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. - bj





# Samstaða um að koma Gaddafí frá

**William Hague var ánægður með samstöðu á ráðherrafundinum í Lundúnum. Obama segir Bandaríkin losa sig undan meginábyrgðinni af árásunum. Enn berast þó misvísandi yfirlýsingar um markmið árásanna og verkaskiptingu.**

**BRETLAND** „Það er engin framtíð lengur fyrir Líbíu með Gaddafí við stjórnvölinn,“ sagði William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, að lokinni alþjóðlegri ráðstefnu í Lundúnum um hernaðaraðgerðirnar í Líbíu.

Á fundinum í Lundúnum var samþykkt að halda áfram loftárásum á liðsmenn Gaddafís og fylgja eftir loftferðabanni og vopnasölubanni, ásamt því að þrýsta á Gaddafí að láta undan uppreisnarmönnum.

„Gaddafí hefur enn ekki látið af völdum, og þangað til hann gerir það verður Líbía hættulegur staður,“ sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að fundinum loknum.

Á fundinum voru utanríkisráðherrar næstum því fjörutíu ríkja, þar á meðal NATO-ríkjanna og aðildarríkja Arababandalagsins, ásamt Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO, Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúa Evrópusambandsins, og Hesham Youssef, fulltrúa Arababandalagsins.



**ÞUNG Á BRÚN** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á fjölmennum ráðherrafundi í Lundúnum í gær. Meðal þátttakenda á fundinum var Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við vorum öll sammála um að Gaddafí og stjórn hans hefðu glatað öllu réttmæti og yrðu dregin til ábyrgðar vegna gerða sinna,“ sagði Hague, ánægður með að samstaða hefði verið svona mikil.

Þrátt fyrir það berast enn misvísandi yfirlýsingar um markmið árásanna og enn virðist óljóst hver verkaskipting eigi að vera með Bandaríkjunum, NATO og einstaka aðildarríkjum NATO um bæði yfirstjórn og framkvæmd árásanna.

Barack Obama Bandaríkjaforseti notaði ávarp sitt til þjóðarinnar á mánudagskvöld til að réttlæta þátttöku Bandaríkjamanna í aðgerðunum í Líbíu.

„Hernaðaraðgerðir okkar hafa það þrönga markmið að bjarga mannslífum,“ sagði hann, en sagðist þó ætla að taka þátt með öðrum ríkjum í því að beita Gaddafí þrýstingi í von um að hann léti af völdum.

gudsteinn@frettabladid.is



Rannsókn lögreglu á fjárreiðum fyrrverandi fangelsisstjóra á Kvíabryggju á lokastigi:

# Lögreglan tók heimilisbúnað og verkfæri

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur í vörslu sinni talsvert af munum sem haldlagðir voru við húsleit hjá Geirmundi Vilhjálmssyni, fyrrverandi fangelsisstjóra á Kvíabryggju, fyrr í þessum mánuði. Talið er að greitt hafi verið fyrir munina með fjármunum sem ætlaðir voru til reksturs fangelsisins á Kvíabryggju.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stór hluti munanna verkfæri, en einnig heimilistæki og húsbúnaður.

Rannsókn lögreglu á málinu hefur miðað vel og gert er ráð fyrir að henni ljúki í næsta mánuði.

Fangelsisstjórinn var leystur frá störfum í nóvember á síðasta ári eftir að upp kom rökstuddur grunur um að hann hefði misnotað aðstöðu sína með því að taka út ýmsan varning í nafni fangelsisins til eigin nota, auk annars misferlis.

Fangelsismálayfirvöld kærðu fangelsisstjórann til Ríkissaksóknara, sem fól Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins frekari meðferð málsins.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun skilaði eftir að grunsemdir vöknuðu um misferli Geirmundar kemur meðal annars fram að hann hafi keypt vörur sem ekki verði séð að hafi tengst rekstri fangelsisins fyrir 1,7 milljónir króna á tíu mánaða tímabili á síðasta ári. Kaup á eldsneyti fyrir rúmlega 750 þúsund krónur eru þar á meðal. Þá var vörubíll seldur en ekkert var bókfært um söluna. Jafnframt voru kaup á hjólbörðum, rafgeymum, farsímum og fleiru meðal þess sem Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við.



**KVÍABRYGGJA** Lögregla fór meðal annars með fangelsisstjórann fyrrverandi að Kvíabryggju og lét hann vísa á muni sem hann sagði vera þar.

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Rotaði mann við Lukku-Láka

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás í október 2009. Manninum er gefið að sök að hafa fyrir utan skemmtistaðinn Lukku-Láka í Grindavík, ráðist á annan mann með hnefahöggi í andlit. Hinn síðarnefndi rotaðist og féll í jörðina. Við árásina hlaut hann skurð á höku og sár innan á vör, auk þess sem tönn í efri gómi losnaði.

Sá sem fyrir árásinni varð gerir einkaréttarkröfu í málinu. Hann krefst rúmlega hálfrar milljónar króna í miskabætur. - jss



**STJÓRNIN** Þrír karlar eru í stjórn SVÞ á móti fjórum konum.

Margrét aftur formaður SVÞ:

## Konur í meirihluta stjórnar

**VIÐSKIPTI Tímamót urðu á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) fimmtudaginn 17. mars þegar fleiri konur voru kosnar í stjórn samtakanna en nokkru sinni. Þetta er fyrsta aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins þar sem konur eru í meirihluta stjórnar.**

**Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, var endurkjörin formaður. Aðrar konur í stjórninni eru Guðrún Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Kokku, Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskips, og Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já.** - jab

Par um tvítugt ákært:

## Vörur sviknar út á stolið kort

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugt par hefur verið ákært fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir ýmis brot.

Maðurinn er ákærður fyrir þjófnað og fjársvik. Honum er gefið að sök að hafa stolið greiðslukorti manns í búningsklefa Sundmiðstöðvar Keflavíkur í mars 2009. Sama dag sveik hann út vörur í viðskiptum á þremur stöðum í Reykjanesbæ.

Hjúin eru síðan ákærð fyrir að stela tölvubúnaði frá Hótel Keflavík.

Konan stal síðan Regatta-vindjakka úr verslun og maðurinn var tekinn með fíkniefni í fórum sínum. - jss

Ákærður fyrir eignaspjöll:

## Skemmdarvargur greiði bætur

**DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir eignaspjöll.**

**Honum er gefið að sök að hafa sparkað í og spennt upp bílskúrshurð á baklóð forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, og sparkað í gönguhurð inn í bílskúrinn. Bílskúrshurðin skemmdist og gönguhurðin eyðilagðist.**

**Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 7. febrúar 2010.**

**Í málinu gerir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kröfu um að maðurinn verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð tæplega 300 þúsund krónur.** - jss




**FRÉTTASKÝRING: Hvernig kom Icesave-málið til?** **1. hluti** icesave

## Helstu atburðir

**10. október 2006** Icesave opnað í Bretlandi.

**29. maí 2008** Icesave opnað í Hollandi.

**6. október 2008** Hrunið.

**11. október 2008** Íslensk og hollensk stjórnvöld undirrita viljayfirlýsingu um lausn Icesave.

**14. nóvember 2008** Samið um Brussel-viðmiðin.

**5. desember 2009** Alþingi samþykkir að stjórnvöld leiti lausna á Icesave-deilunni á grundvelli Brussel-viðmiðanna.

**5. júní 2009** Svavars-samningarnir kynntir.

**30. júní 2009** Frumvarp á grundvelli Svavars-samninganna lagt fram.

**28. ágúst 2009** Frumvarpið samþykkt mikið breytt.

**19. október 2009** Nýtt frumvarp lagt fram eftir samningaviðræður við Breta og Hollendinga.

**30. desember 2009** Frumvarpið samþykkt.

**5. janúar 2010** Forsetinn synjar Icesave-lögunum staðfestingar.

**6. mars 2010** Þjóðin hafnar Icesave-lögunum.

**9. desember 2010** Buchheit-samningarnir kynntir.

**15. desember 2010** Frumvarp á grundvelli Buchheit-samninganna lagt fram.

**16. febrúar 2011** Frumvarpið samþykkt.

**20. febrúar 2011** Forsetinn synjar Icesave-lögunum staðfestingar.

**9. apríl 2011** Þjóðin greiðir atkvæði um Icesave-lögin.

# Svo einfalt í fyrstu

**Icesave, sem byrjaði sem saklaus leið Landsbankans til að fjármagna sig, snerist við hrunið upp í andhverfu sína og er eitt flóknasta og erfiðasta viðfangsefni sem þjóðin hefur tekist á við.**




**MÓTMÆLT** Hollenskir sparifjáreigendur sýndu hug sinn til Icesave þegar landslið Íslands og Hollands í fótbolta mættust í Rotterdam 11. október 2008. Þann dag undirrituðu stjórnvöld ríkjanna samkomulag um að Ísland ábyrgðist Icesave-reikningana en frá því var horfið fáum vikum síðar. Hollendingar unnu leikinn 2-0. NORDICHPOTOS/AFP

Þetta hófst allt með því að stjórnendur Landsbankans töldu á árinu 2006 mikilvægt að breikka fjármögnun bankans. Hún hafði fram til þess tíma einkum farið fram með lántökum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sem voru kvikir og háðir margs konar dyntum. „Við duttum því niður á þá hugmynd að búa til netreikning sem ber hærri innlánsvexti en gengur og gerist og auglýsir sig þannig sjálfur því það er svo dýrt að auglýsa," sagði Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri í samtali við Markaðinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, í febrúar 2007. Sigurjón var hinn hróðugasti; Icesave hafði gengið feikilega vel í þá fjóra mánuði sem liðnir voru frá stofnun og ekkert benti til annars en að þetta yrði í alla staði farsælt.

Í áðurnefndu viðtali lýsti Sigurjón einfaldleika Icesave. „„Það eina sem ég þarf að gera er að kíkja í lok dags hvað er kominn mikill peningur inn," segir Sigurjón hlæjandi, tekur upp símann og segir skömmu síðar: „Það bættust við fimmtíu milljónir punda bara á föstudaginn!"" 50 milljónir punda voru þá 6,6 milljarðar króna.

### Blikur á lofti

Icesave gekk vel allt árið 2007 en í ársbyrjun 2008 voru blikur á lofti. Vísbendingar voru uppi um veikari stöðu Landsbankans og íslenska efnahagskerfisins en almennt var talið og af látið og höfðu bresk yfirvöld áhyggjur. Þau óttuðust um hag breskra borgara sem áttu peninga á Icesave og vildu að bankinn flytti reikningana úr útibúi sínu í London í dótturfélag. Með því færðust þeir úr umsjá íslenska Fjármálaeftirlitsins til þess breska og hægt yrði að gera kröfur um að nægir peningar yrðu nærtækir ef fólk vildi taka pundin sín út úr bankanum.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis er rakið hvernig Bretar þrýstu á Landsbankamenn og íslensk stjórnvöld um yfirfærsluna lungann úr árinu 2008 en án nokkurs árangurs.

Og þrátt fyrir þrýstinginn og þrátt fyrir aðvörunarljósin um að bankinn og efnahagskerfið á Íslandi stæðu á brauðfótum opnuðu Landsbankamenn Icesave í Hollandi í lok maí 2008.

### Fallist á meginkröfuna

Þegar bankarnir hrundu í byrjun október 2008, neyðarlögin höfðu verið sett og ljóst var að Landsbankinn gat ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum í Bretlandi og Hollandi höfðu þarlend stjórnvöld hraðar hendur. Þau hófu viðræður við Íslendinga um hvernig vandanum yrði mætt. Vitað var að í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta var aðeins brot af þeim peningum sem þar áttu að vera og að fjárhæðin dygði hvergi nærri til að bæta tjónið. Því þyrfti sértækar lausnir.

Bretar og Hollendingar beittu fyrir sig Evróputilskipun um innlánatryggingakerfi en hún kveður á um ábyrgð á innstæðum að hámarki rúmlega 20 þúsund evrur á reikning. Í fyrstu féllust íslensk stjórnvöld á það sjónarmið. Til að byrja með var rætt við ríkin í tvennu lagi og strax 11. október var ritað undir yfirlýsingu þess efnis að Hollendingar veittu íslenska tryggingarsjóðnum lán með ríkisábyrgð til að standa undir tryggingunni. Um leið var skýrt frá því að hliðstæðar viðræður við Breta stæðu yfir og gengju vel en þær stöðvuðust tveimur vikum síðar.

### Samið

Örskömmu eftir undirritun yfirlýsingarinnar gagnvart Hollendingum breyttu íslensk stjórnvöld um kúrs. Þau voru ekki lengur þeirrar skoðunar að ríkissjóði bæri að ábyrgjast greiðslur til innstæðueigenda umfram það sem Tryggingasjóðurinn gæti staðið straum af. Evróputilskipunin næði ekki til aðstæðna á Íslandi þar sem hér hefði orðið kerfishrun en ekki hefðbundið bankagjaldþrot.

Um það leyti greiddu Bretar og Hollendingar reikningshöfum út og sóttu á Íslendinga um endurgreiðslur.

Í kjölfarið hófust nýjar viðræður og nú fyrir tilstilli Evrópusambandsins. Til urðu svonefnd Brussel-viðmið og samþykkti Alþingi í byrjun desember 2008 að ríkisstjórnin skyldi leiða til lykta samninga um Icesave á grundvelli þeirra. Í þeim var afstöðu Íslendinga til gildisleysis Evróputilskipunarinnar haldið til haga.

Þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum í febrúar 2009 lagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mikla áherslu á lausn Icesave-málsins. Hann fól Svavari Gestssyni að leiða viðræður við Breta og Hollendinga og úr urðu samningar sem kynntir voru í byrjun júní og Steingrímur taldi viðunandi. Alþingi leist hins vegar ekki betur á en svo að það taldi ógjörning að samþykkja þá og eftir mikið þex gerði þingið margvíslega fyrirvara við heimild til fjármálaráðherra um að staðfesta samningana.

Bretar og Hollendingar gátu ekki fallist á þá fyrirvara og samið var að nýju. Enn fór málið fyrir Alþingi og til urðu önnur Icesave-lög í árslok 2009. Þeim synjaði forsetinn staðfestingar og svo þjóðin í atkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

### Samið aftur

Við synjun forsetans, og þegar ljóst var að allt stefndi í að málið yrði fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu, var skipuð ný samninganefnd, nú með aðkomu allra flokka og bandarískan samningalögfræðing í fyrirsvari.

Viðræðunum í þeirri lotu lauk í byrjun desember síðastliðins. Eðli samninganna nú er annað en áður. Er um að ræða svokallaða endurgreiðslu- og skaðleysissamninga en ekki hefðbundna lánasamninga. Munurinn felst í grófum dráttum í því að ekki er samið um endurgreiðslu á láni breskra og hollenskra stjórnvalda til íslenska tryggingasjóðsins heldur að sjóðurinn endurgreiði breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta krafna þeirra í bú Landsbankans og annist um að innheimta þær. Vissulega líkt en nálgunin er önnur.

Fjármálaráðherra lagði málið fyrir Alþingi um miðjan desember og tóku þingmenn sér almennt tíma að móta sér afstöðu. Nokkur straumhvörf urðu þegar Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir í byrjun árs að hann og fulltrúar flokksins í fjárlaganefnd hefðu afráðið að samþykkja málið.

Fór svo við atkvæðagreiðslu að 44 þingmenn voru hlynntir en sextán andvígir og enn ein Icesave-lögin urðu til. Forsetinn ákvað 20. febrúar að synja þeim staðfestingar og fer þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi þeirra fram 9. apríl.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is

## Rætt um Icesave í yfir níu sólarhringa

- Þingumræður um Icesave-frumvörpin þrjú stóðu samtals í rúmlega níu sólarhringa. Lengst var rætt um Icesave II en skemmst um Icesave III.
- Um Icesave I var rætt í samtals 45 klukkustundir, rétt tæplega tvo sólarhringa. Fyrsta umræða tók 13 klukkustundir, önnur 25 klukkustundir og sú þriðja 7 klukkustundir. Málið var til meðferðar fjárlaganefndar í þrjár vikur.
- Um Icesave II var rætt í 144 klukkustundir, samtals sex sólarhringa. Fyrsta umræðan varði í 11 klukkustundir, önnur í 107 klukkustundir og sú þriðja í 26 klukkustundir. Fjárlaganefnd hafði Icesave II til meðferðar í 19 daga.
- Umræður um Icesave III stóðu í 32 klukkustundir. Fyrsta umræðan tók sjö klukkustundir, önnur tólf og sú þriðja þrettán. Málið var í fjárlaganefnd í átján daga.
- Fyrir utan þetta hefur Icesave margoft og lengi verið rætt í þinginu; utan dagskrár, í fyrirspurnatímum og við önnur tækifæri. Til dæmis var þingsályktunin 5. desember 2008 rædd í rúmar sjö klukkustundir.

## Fjárhæðirnar

Um 350 þúsund manns áttu Icesave-reikninga. Núvirt nemur fjárhæðin sem samist hefur um að endurgreiða breskum og hollenskum stjórnvöldum 646 milljörðum króna. 430 milljarðar eru í pundum og 216 milljarðar í evrum. Innstæðurnar voru talsvert hærri við hrunið haustið 2008, en á grundvelli Evróputilskipunar var samið um greiðslu upp að 20 þúsund evra hámarki á reikning.

Landsbankinn tók einnig við innlánum frá fyrirtækjum, félagasamtökum, líknarfélögum og stofnunum. Þeir reikningar njóta lágmarkstryggingarinnar og eru forgangskröfur í bú Landsbankans. Með þá verður farið í samræmi við gjaldþrotarétt og fá eigendur þeirra greitt eftir því sem skiptum vindur fram.

Nýttu tækifærið og prófaðu!
Netið í símanum á 0 kr. fyrir viðskiptavini Símans í dag.
Magnaðir miðvikudagar!
Síminn
Notkun á Íslandi, 100 MB innan dagsins. Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is

Ofþyngd / Offita
**Heilsulausn 3** - Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki
**Hefst 4. apríl**
Tólf vikur, árs eftirlit
**Verð kr. 13.900** á mán. m.v. árs skuldbindingu
***Að námskeiðinu standa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfari, næringarfræðingur íþróttafræðingar og sálfræðingar!***
Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á heilsuborg@heilsuborg.is

HEILSUBORG
**Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!**
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

Nikon

*At the heart of the image*

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 19.995.-***

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.




# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 129.995.-***

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Flokkurinn sem vill ekki verða fullorðinn:

## VG í stríði

Framganga Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs vegna hernaðaraðgerða gegn Gaddafí, einræðisherra í Líbíu, hefur verið mótsagnakennd, svo ekki sé meira sagt.

Eftir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun 1973, sem heimilaði valdbeitingu gegn Gaddafí, lýsti ríkisstjórn Íslands stuðningi við ályktunina og sagt var frá því opinberlega. Þetta var ábyrg og eðlileg afstaða, í samræmi við afstöðu þorra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Menn gengu eðlilega út frá því að stjórnarflokkarnir stæðu báðir að stuðningnum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Það var ekki fyrr en óróa tók að gæta í baklandi VG, þar sem ýmsir telja að aldrei sé réttlætanlegt að grípa til vopna, jafnvel ekki gegn óðum einræðisherrum sem drepa eigin þegna, að Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, lýsti því yfir að hann styddi ekki loftárásir á Líbíu. „Það eina sem ríkisstjórnin ræddi í þessu sambandi var sjálf ályktun öryggisráðsins," sagði Steingrímur í samtali við flokksvefinn Smuguna, og bætti við að í stuttum umræðum í ríkisstjórn hefði aðeins verið samhljómur um flugbann yfir Líbíu.

Allir sem hafa lesið ályktun öryggisráðsins vita að hún heimilar mun víðtækari aðgerðir til varnar almenningi í Líbíu en flugbannið eitt og sér. Vandséð er hvernig á að verja þegna Gaddafís fyrir hersveitum hans með öðrum ráðum en að ráðast á þær og gera þær óvirkar. Skýring Steingríms J. er því eftiráskýring, ætluð til að lægja öldur í eigin flokki.

Á fundi aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) á sunnudag, þar sem ákveðið var að bandalagið tæki að sér stjórn á aðgerðunum í Líbíu, átti fastafulltrúi Íslands þátt í ákvörðuninni, enda hafa öll aðildarríki NATO neitunarvald. Aftur gerðu menn ráð fyrir að afstaða fastafulltrúans endurspeglaði stefnu ríkisstjórnar Íslands.

Í fyrradag reyndi Steingrímur J. Sigfússon aftur að útvega sér fjarvistarsönnun þegar þessa afstöðu Íslands bar á góma. Sagðist hafa verið í Færeyjum og að vinstri grænir hefðu ekki verið spurðir hvort þeir styddu ákvörðun um að NATO tæki að sér stjórn aðgerðanna. Á ríkisstjórnarfundi í gær kom VG svo andstöðu sinni á framfæri.

Þetta er líka ómerkileg eftiráskýring til heimabrúks. Þeir sem fylgjast sæmilega með vissu mætavel að á vettvangi NATO var unnið á fullu að undirbúningi þessarar ákvörðunar. Ráðherrar vinstri grænna hefði að sjálfsögðu verið í lófa lagið að taka afstöðu sína upp fyrirfram og krefjast þess að Ísland legðist gegn málinu. Það gerðu þeir ekki og gera málið raunar ekki að neinu úrslitaatriði í stjórnarsamstarfinu.

Er ekki ráð að forysta VG hætti þessari hræsni og tvískinnungi og útskýri fyrir flokki sínum að það sé orðið tímabært að hann fullorðnist og viðurkenni að stundum sé engin önnur úrræði til að bregðast við árásum og ógnunum en að grípa til vopna í þágu góðs málstaðar? Það myndi stuðla að því að VG yrði það sem suma flokksmenn langar til að hann verði; stjórntækur flokkur sem kjósendur geta treyst til langframa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

16-25 ára - Ofþyngd / Offita

**Heilsulausn 1** - Hentar ungu fólki, 16-25 ára, sem glímir við ofþyngd, offitu og/eða einkenni frá stoðkerfi

**Stelpur:** Þri og fös kl: 16.30
**Strákar:** Þri og fös kl: 17.30
**Átta vikur** – takmarkaður fjöldi
**Hefst 4. apríl** – Kynningarverð kr. 44.000

Að námskeiðinu standa íþróttafræðingur, hjúkrunarfræðingur, næringarfræðingur og sálfræðingar! Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fátítt

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, kom nokkuð á óvart þegar hann á fundi í gær lýsti því yfir að Orkuveitan væri strand. Þessi yfirlýsing er nýstárleg fyrir þær sakir að Íslendingar eiga því ekki að venjast að forstjórar séu hreinskilnir. Húrra fyrir Bjarna og megi aðrir forstjórar taka sér hann til fyrirmyndar.



### Og svaraðu nú

Mörður Árnason hefur falið innanríkisráðherra verðugt verkefni. Ráðherrann þarf að svara fyrir um aðstæður sem kunna að koma upp eftir þrjú og hálft ár í allra fyrsta lagi og þá og eftirleiðis varla nema einu sinni eða tvisvar á ári. Hann þarf sem sagt að svara hvort ókeypis verði í Vaðlaheiðargöng þegar Vegagerðin treystir sér ekki til að halda opnum veginum um Víkurskarð. Þetta telur Mörður Árnason aðkallandi pólitískt mál.



### Æi

Á Alþingi í dag verða utandagskrárumræður um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Málshefjandi er Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, og til andsvara verður Ögmundur Jónasson, núverandi samgönguráðherra. Þessi utandagskrárumræða verður líklega sú fimmtánda eða tuttugasta um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem efnt hefur verið til á Alþingi á undangengnum árum. Heldur er því ólíklegt að eitthvað sprúðlandi ferskt komi fram í dag. Og þó; Ögmundur er náttúrlega óútreiknanlegur.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Bréf til Alþingis

Stjórnlagaþing



Salvör Nordal
forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, situr í stjórnlagaráði

Afgreiðsla og málatilbúnaður um skipun stjórnlagaráðs hefur valdið verulegum vonbrigðum. Eins og ályktunin er úr garði gerð er umboð þeirra sem setjast í ráðið veikt svo ekki sé meira sagt. Skipaður er 25 manna hópur með vísan í kosningar sem Hæstiréttur hefur ógilt en þeim ekki veitt umboðið persónulega eins og vera ber þegar Alþingi skipar í nefndir og ráð. Einnig var í undirbúningi málsins gengið gegn ráðgjöf helstu sérfræðinga sem mæltu gegn því að þessi leið væri farin og hafa sumir þeirra nefnt mögulega sniðgöngu við Hæstarétt máli sínu til stuðnings. Þegar kom að afgreiðslu málsins var enda ekki mikil sátt um tillöguna þar sem einungis 30 þingmenn greiddu henni atkvæði. Þá sátu bæði forseti Alþingis hjá við atkvæðagreiðsluna og tveir ráðherrar, þar á meðal innanríkisráðherra, yfirmaður dómsmála í landinu. Þessi veiki grunnur sem lagður var við afgreiðslu málsins getur ekki talist gott veganesti fyrir þá sem setjast í stjórnlagaráð sem ætlað er að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins, grundvallarlög landsins.

Af öllu ferli málsins er ljóst að stjórnvöld hafa ekki dregið rétta lærdóma af rannsóknarskýrslu Alþingis sem lagði áherslu á mikilvægi vandaðs undirbúnings og vinnubragða í hverju máli og setur þá sem boðið er sæti í ráðinu í erfiða stöðu.

Eftir mjög vandlega íhugun hef ég ákveðið, þrátt fyrir þá alvarlegu ágalla sem eru á málinu, að þiggja sæti í stjórnlagaráði. Ég tel jafnframt að ábyrgðin á þessu ferli sé alfarið stjórnvalda en ekki þeirra sem setjast í ráðið og með því að taka verkefnið að okkur séum við ekki með nokkrum hætti að leggja blessun okkar yfir þau vinnubrögð sem einkennt hafa málið. Þannig er óhjákvæmilegt að þeir sem setjast í ráðið horfist í augu við veikt umboð sitt, enda eru þeir eins og allir aðrir borgarar og stofnanir undirsettir stjórnarskránni.

Ég finn til ábyrgðar gagnvart þeim kjósendum sem kusu mig til setu á stjórnlagaþingi og er um leið fullmeðvituð um að forsendur fyrir stjórnlagaráði og umboð þess er nú allt annað. Eftir stendur líka mikilvægi þess að stjórnarskráin sé endurskoðuð, en ég vil ekki verða til þess að skapa frekari óeiningu um málið, enda ljóst að ekki verður aftur snúið með ákvörðun Alþingis. Lengri útgáfa er á vísi.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gengisáhætta af Icesave

Icesave

Friðrik Már Baldursson
prófessor í hagfræði við HR



Icesave-samningurinn felur í sér greiðslur til Breta og Hollendinga í erlendri mynt en krafa Tryggingarsjóðs á Landsbankann er í krónum. Samningurinn felur því í sér áhættu sem stafar af óvissu um gengi krónunnar. En hve mikil er þessi áhætta?

### Gengisáhætta í samningnum

Kröfur Breta og Hollendinga á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) eru í pundum og evrum. Krafa TIF á Landsbankann er leidd af kröfum Breta og Hollendinga en er gerð í íslenskum krónum, miðuð við gengi 22. apríl 2009 og nemur allt að 677 milljörðum króna að meðtöldum vaxtakröfum. Krónan hefur styrkst frá apríl 2009 og því hefur krafa Breta og Hollendinga á TIF lækkað í krónum og nemur höfuðstóllinn allt að 625 milljörðum, miðað við gengi krónunnar við síðustu áramót. (Tölur úr greinargerð fjármálaráðuneytisins.)

Skilanefnd Landsbankans áætlar að greiða 89% af forgangskröfum. TIF fær því 602 milljarða upp í kröfu sína á bankann (89% af 677 milljörðum). Áætlunin miðast við gengi sl. áramót. Ef gengi krónunnar veikist þá hækkar greiðsla TIF til Breta og Hollendinga hlutfallslega í krónum talið. En eignir bús Landsbankans eru að mestu leyti í erlendri mynt og því skilar veikingin einnig hærri greiðslum úr búinu. Breyting á inn- og útgreiðslum TIF verður því nokkurn veginn samsvarandi. Þetta samhengi gildir þar til kröfufjárhæðinni, 677 milljörðum, er náð. Að öðru óbreyttu má gengi krónunnar því vera um 12% veikara en gengið sl. áramót á þeim degi sem greitt er úr þrotabúi Landsbankans án þess að það hafi verulegan umframkostnað í för með sér fyrir TIF. Meiri veiking gengisins en þetta kemur hins vegar fram í meiri kostnaði sjóðsins við þá greiðslu sem um ræðir sem nemur gengislækkun umfram 12%.

Heimtur úr eignum Landsbankans er annar áhættuþáttur tengdur samningnum. Skilanefnd Landsbankans áætlar að um 40% af eignum verði greiddar úr búi Landsbankans á árinu 2011; þar af eru 30% eigna þegar til staðar í reiðufé. Önnur 13% eigna verða greiddar út á árinu 2012. Eftirstöðvarnar verða síðan greiddar út árin 2013-2016. Nefndin hefur hingað til verið varfærin í áætlunum sínum enda vandséð hvaða hagsmuni hún hefur af því að gera meira úr virði eignanna en efni standa til.

### Gengi krónunnar

Eins og að framan greinir þá hefur veiking gengisins sem nemur innan við 12% frá síðustu áramótum lítil áhrif á kostnað vegna Icesave. Veiking umfram það hefur aukinn kostnað í för með sér. Því er mikilvægt að reyna að meta líkurnar á miklum sveiflum í gengi krónunnar á næstu árum.

Krónan hefur veikst um ca 4% gagnvart pundi/evru frá áramótum. Þessi veiking stafar sennilega af gjaldeyriskaupum Seðlabankans, sem hefur keypt um þrjá milljarða króna á gjaldeyrismarkaði frá áramótum. Við fyrstu sýn kann það að virka ósannfærandi að svo lítil kaup hafi áhrif á gengið, en heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri á sama tíma var aðeins um 12 milljarðar svo þessi inngrip eru fjórðungur af heildarviðskiptum og nægja til að veikja gengið. Að sama skapi getur Seðlabankinn stutt við gengið með því að selja tiltölulega lítið magn gjaldeyris. Ástæða þessa er að gjaldeyrishöft takmarka flæði fjármagns milli Íslands og annarra landa og Seðlabankinn getur haft mikil áhrif á gengið meðan þau eru við lýði.

> Ekki virðast efnahagslegar forsendur fyrir mikilli varanlegri veikingu frá því sem nú er – efni standa fremur til þess að krónan ætti að geta styrkst ef stjórnvöld halda rétt á spilunum.

Flestir eru sammála um að gjaldeyrishöftin séu skaðleg og að nauðsynlegt sé að vinna að því að aflétta þeim. Höftin voru sett á vegna hættu á að flótti meira en 400 milljarða eftirhreytna af jöklabréfum myndi tæma gjaldeyrisforðann og kolfella gengi krónunnar. Þetta er enn meginorsökin fyrir höftunum og ný áætlun um afnám þeirra gengur út á að koma í veg fyrir skaðlegan fjármagnsflótta af þessu tagi. Af þessari áætlun má ráða að höftum verður ekki aflétt meðan hætta er á miklum sviptingum í gengi krónunnar.

Raungengi krónunar er 20-30% fyrir neðan meðaltal síðustu áratuga að þenslutímanum 2004-2007 slepptum. Verðbólga er mjög lág. Undirliggjandi viðskiptajöfnuður er um 7% af landsframleiðslu og 12-13% ef Actavis er tekið út fyrir sviga eins og er rökrétt að gera. Það er auðvitað ekki hægt að útiloka að sveiflur verði á gengi krónunnar vegna breytinga á viðskiptakjörum eða vegna annarra þátta sem hafa áhrif á fjárflæði til og frá landinu, en ekki virðast efnahagslegar forsendur fyrir mikilli varanlegri veikingu frá því sem nú er – efni standa fremur til þess að krónan ætti að geta styrkst ef stjórnvöld halda rétt á spilunum.

Að lokum má benda á að beinir hagsmunir ríkisins af því að gengi krónunnar haldist stöðugt eru verulegir að Icesave slepptu: Hreinar erlendar skuldir opinberra aðila eru nú um 380 milljarðar króna. Ríkissjóður er einnig í ábyrgð fyrir erlendum skuldum Landsvirkjunar sem nema um 3,2 milljörðum dollara eða nálægt 370 milljörðum króna á núverandi gengi.

### Lokaorð

Það felst nokkur gengisáhætta í Icesave-samningnum sem kemur fram ef gengi krónunnar veikist umfram tiltekin mörk. Ekki má gleyma því að það fylgir því margs konar áhætta, m.a. gengisáhætta, að hafna samningnum. Þau atriði sem ég hef nefnt hér að framan valda því að gengisáhætta sem tengist Icesave-samningnum virðist ásættanleg þegar litið er til þeirra hagsmuna sem Ísland hefur af því að ljúka þessu máli.

# *Stærilæti*

Icesave

## Átta hæstaréttarlögmenn skrifa um Iesave-lögin

Því er haldið fram að þeir sem hafni Icesave-lögunum taki miklar áhættur og sýni sama stærilæti og tíðkaðist á hátímum útrásar. Þetta stenst enga skoðun. Þvert á móti má halda hinu gagnstæða fram.

Þeir sem vilja samþykkja Icesave-lögin telja að með því kaupi Íslendingar sér mikil óáþreifanleg verðmæti í formi trausts og aðgangs að lánsfé. Þetta minnir á útrásartímana þegar fjárfestar fóru með himinskautum og keyptu óáþreifanleg verðmæti í stórum stíl; viðskiptavild voru þau verðmæti kölluð.

Allir vita nú í dag hvað varð um þessi óáþreifanlegu verðmæti þegar á móti blés. Þau hurfu eins og dögg fyrir sólu. Má ekki alveg eins búast við því að verðmætin sem menn ætla sér að kaupa með Icesave-samningnum hverfi með sama hætti? Auðvitað.

Það er mikil ábyrgð sem felst í því að ætla að láta þjóð sína kaupa óáþreifanleg verðmæti með því að taka hundruð milljarða ótakmarkaða áhættu af þróun á verði íslensku krónunnar og eignaverði almennt. Stærilætið er einnig mikið og felst í því, að þeir hinir sömu og þetta vilja, telja sig geta stýrt þessari áhættu með öðrum og betri hætti en hingað til hefur tíðkast. Ekkert bendir til að það sé rétt. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*




TÓNLISTARSKÓLI FÍH 30 ÁRA

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Tónleikar Söngdeildar 31. mars og 1. apríl kl. 20:00 Samspilstónleikar 2. apríl kl. 16:00

Flutt verður fjölbreytt tónlist eftir útskrifaða nemendur og kennara sem hafa kennt við skólann þau 30 ár sem hann hefur verið starfræktur.
Hátíðarsalur Tónlistarskóla FÍH Rauðagerði 27. **Aðgangur ókeypis**

*Sú góða og sértæka tónlistarmenntun sem ég hlaut í Tónlistarskóla FÍH á sannarlega sinn þátt í því að ég lifi eingöngu á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi í dag.* - **Ragnheiður Gröndal**

*Í Tónlistarskóla FÍH lenti ég í þeirri hringiðu sem ég er svo heppinn að hafa ekki komist út úr enn þá.* - **Óskar Guðjónsson**

*Námið í Tónlistarskóla FÍH lagði grunninn að atvinnu minni sem tónlistarmaður. Þar kynntist ég bæði frábærum kennurum og samnemendum sem eru samstarfsmenn mínir í dag.* - **Samúel Samúelsson**

*Í Tónlistarskóla FÍH fékk ég góðan grunn til að byggja á og hvatningu til að fara eigin leiðir í listinni.* - **Jóel Pálsson**

# Fagor hitakútar



Hitakútur 15 lítra Fagor 230V 45.900
Hitakútur 30 lítra Fagor 230V 49.900
Hitakútur 50 lítra Fagor 230V 56.900
Hitakútur 75 lítra Fagor 230V 65.900
Hitakútur 100 lítra Fagor 230V 73.900
Hitakútur 150 lítra Fagor 230V 82.900
Hitakútur 200 lítra Fagor 230V 97.900

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

TBWA\PIPAR • SÍA • 100814



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Gjör rétt – þol ei órétt

Icesave



Friðgeir Haraldsson
atvinnurekandi

Látum ei fornar nýlenduþjóðir beygja okkur vegna óráðsíu og siðleysis í einkafyrirtæki, en rök eru öll okkar megin þar sem þetta er helzt;

1. Þeir sem gerst þekkja til Icesave-málsins telja að bótaskylda sé ekki til staðar frá þjóðinni.

2. Hví forðast viðsemjendur málsókn eins og heitan eldinn?

3. Hvað hafa brezkir valdið miklu tjóni með hryðjuverkalögum og yfirtöku á banka – sennilega margföld Icesave-krafan.

4. Hví skulum við ekki standa stolt, óbeygð og óbuguð, eins og þegar við færðum út landhelgina og lögðum heimsveldið.

5. Verði dæmt í málinu, eru yfirgnæfandi líkur á sigri.

6. Hví að skuldfæra fædda sem ófædda Íslendinga um langa framtíð um óþekkta upphæð, sem gæti verið allt að 200 milljarðar, sem er um 600 þús. á hvert mannsbarn í landinu.

7. Fólk erlendis verður stolt af okkur ef við fellum þennan ósóma, því víða er fólk að súpa seyðið af alls konar fjármálasukki.

Nú í júní eru 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, sem keikur gekk gegn nýlenduherrum og megum við ekki vanvirða og smána minningu hans með því að samþykkja þessi ólög. Heldur skal í minni og heiðri haft hans mottó: Að vera sverð Íslands, sómi þess og skjöldur.

# Rangur endurútreikningur ólöglegra lána

Erlend lán

Gunnlaugur Kristinsson
löggiltur endurskoðandi



Endurútreikningar frá fjármálastofnunum vegna ólögmætra erlendra lána streyma nú inn um lúgur landsmanna. Margir hafa gagnrýnt endurútreikningana og bent hefur verið á að afturvirkur vaxtaútreikningur standist hugsanlega ekki lög. Ekki er ætlunin að velta vöngum yfir réttmæti þess heldur einungis skoða þær aðferðir sem lánastofnanir eru að beita og bera saman við aðferðarfræðina sem lögfest var í árslok 2010.

Með lögum nr. 151/2010 var lögfest sérregla í 18 gr. laga nr. 38/2001 um þá aðferðarfræði sem beita ætti við endurútreikning lánasamninga sem hefðu að geyma ákvæði um ólögmæta vexti og verðtryggingu. Aðferðin er sú að upphaflegur höfuðstóll skal vaxtareiknaður miðað við vexti Seðlabanka Íslands. Frá höfuðstól og áföllnum vöxtum skal síðan draga frá innborganir miðað við hvern greiðsludag og ráðstafa upp í áfallna vexti og höfuðstól. Skýrt kemur fram í greininni að einungis er heimilt að vaxtareikna upphaflegan höfuðstól. Í athugasemdum með frumvarpi laganna er skýrt tekið fram að ekki sé heimilt að krefjast vanskilavaxta né annarra vanskilaálaga. Ákvæðið er tæmandi um hvaða vaxtaútreikningi megi beita á hin ólögmætu lán. Þannig er ekki heimilt að reikna dráttarvexti, ígildi dráttarvaxta né heldur bæta vöxtum við höfuðstól skv. 12 gr. laganna enda tengist slík aðgerð vanskilum sbr. umfjöllun um þá grein í frumvarpi laga nr. 38/2001. Ákvæðið um endurútreikning ólögmætra lána var ætlað að vera skýrt og skilvirkt.

Undirritaður hefur skoðað endurútreikninga SP fjármögnunar, Frjálsa fjárfestingarbankans og Arion banka. Arion banki og Frjálsi beita sömu aðferðarfræðinni en SP fjármögnun annarri. Báðar þessar aðferðir eru í ósamræmi við framangreinda aðferðarfræði laganna og ganga báðar á hagsmuni lántakenda.

SP fjármögnun beitir þeirri aðferðarfræði að endurreikna greiðsluflæði lánsins eins og það hefði átt að vera miðað við breytta vexti. Á hverjum gjalddaga er endurreiknaður gjalddagi færður inn á ímyndaðan veltureikning og á móti eru færðar raunverulegar greiðslur á greiðsludegi. Staða hins ímyndaða veltureiknings er síðan vaxtareiknuð við hverja hreyfingu. Ef lántaki greiddi alltaf útsenda greiðsluseðla á gjalddaga og heildarfjárhæð hvers gjalddaga var hærri en endurútreiknaðir vextir leiðir útreikningurinn af sér sömu niðurstöðu og aðferðarfræði laganna. Flestir eiga sögu um að hafa einhvern tíma greitt eftir gjalddaga, svo ekki sé talað um þá sem sömdu við fyrirtækið um frystingu greiðslna. Við þær aðstæður reiknar SP fjármögnun ígildi refsivaxta og vaxtavaxta sem er algerlega óheimilt samkvæmt lögunum. Hér getur munað tugum ef ekki hundruðum þúsunda til óhagræðis fyrir skuldara.

Fjármálastofnanirnar sem veittu íbúðalán virðast flestar ætla að beita annarri aðferðarfræði en fjármögnunarfyrirtækin. Aðferðin gengur út á það að höfuðstóll skuldarinnar er vaxtareiknaður miðað við vexti Seðlabankans. Á sérhverju 12 mánaða tímabili er áföllnum vöxtum bætt við höfuðstól og í framhaldinu eru vextir reiknaðir af samanlögðum áföllnum vöxtum og höfuðstól. Sömu aðferð er beitt á innborganir

> Báðar þessar aðferðir eru í ósamræmi við framangreinda aðferðarfræði laganna og ganga báðar á hagsmuni lántakenda.

og mismunurinn sagður vera nýr höfuðstóll. Hafi verið greitt reglubundið meira en sem nemur tæplega endurútreiknuðum vöxtum er aðferðin hagstæðari fyrir lánþega. Slík staða lánþega heyrir því miður til undantekninga og hafi menn samið um frystingar eða greiðslulækkun verður munurinn enn meiri, lánþega í óhag. Eins og áður segir er þessi aðferðarfræði andstæð lögunum og getur jafnvel munað milljónum sem fjármálastofnanirnar eru að ofreikna stöðu einstakra lánasamninga.

En hvers vegna eru fjármálafyrirtækin að beita mismunandi aðferðum við endurreikninginn, þrátt fyrir skýra og skilvirka aðferðarfræði laganna? Svarið getur ekki legið í öðru en því að fyrirtækin rói að því öllum árum að finna aðferð sem hentar þeim best til að hámarka eigin lánasöfn. Þetta reyna þau að gera innan ramma laga um vexti og verðtrygginguí heild sinni en ekki út frá þeirri uppgjörsreglu sem sett var sérstaklega gagnvart endurútreikningi hinna ólögmætu lána. Húsnæðislán eru til langs tíma með lága afborgun af höfuðstól en bílasamningar til skamms tíma með háa afborgun af höfuðstól. Því hentar ekki sama aðferðarfræðin til að hámarka útkomuna vegna lána til lengri tíma og lána til skamms tíma. Ef aðferðarfræði bankanna, sem beitt er á húsnæðislánin, er beitt á bílasamninga leiðir það til meiri lækkunar á bílalánunum en þegar hefur verið kynnt.

Ekki er hægt að túlka aðferðarfræði fjármálafyrirtækjanna öðruvísi en sem alvarlega tilraun til að hagnast óeðlilega á kostnað lántakenda. Að mati undirritaðs getur verið um milljarða króna að ræða sem fyrirtækin eru að hafa af lánþegum með ólögmætum hætti. Það eitt og sér að fjármálafyrirtækin beita ekki sömu aðferðum við endurútreikninginn ætti að klingja bjöllum hjá eftirlitsaðilum um að ekki sé allt með felldu. Hér er rannsóknar þörf.

## AF NETINU

### Foreldrar 200.000, borgin 1,2 milljónir á ári að meðaltali

Ekki vita allir að hvert leikskólabarn kostar að meðaltali 1,4 milljónir á ári. Hlutur foreldra (leikskólagjöldin) er að meðaltali rúmlega 200.000 krónur á ári. Ég er stolt af því að hafa forgangsraðað í þágu stærsta árgangs Íslandssögunnar (börn fædd 2009). Það útheimtir mikla fjármuni og þess vegna þarf að hagræða á móti.

Í haust fara 1500 börn í 1. bekk, börn fædd 2005. Börnin sem verða tveggja ára á árinu – og þurfa leikskólapláss – eru langtum fleiri, eða á milli 1800-1900 talsins.

Þessi meirihluti forgangsraðaði í þeirra þágu. Þessi meirihluti jók framlög til Leikskólasviðs um 658 milljónir króna á milli ára við gerð síðustu fjárhagsáætlunar. Stór hluti þeirrar viðbótar er til að koma til móts við þennan stóra árgang. Okkur sem stjórnum í Reykjavík fannst óhugsandi að færa leikskólaþjónustuna aftur til þess sem Reykvíkingar þekktu áður en Reykjavíkurlistinn kom til sögunnar. Árið 1994 komust börn inn á leikskóla rúmlega þriggja ára – og í boði var vistun hálfan daginn fyrir hjón.

oddny.eyjan.is Oddný Sturludóttir


# Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2011

Tilnefningar óskast!



Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er styrki stoðir mannlífs á Íslandi.

Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2011. Verðlaunin eru tvær milljónir króna.

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu.

Við val á verðlaunahafa er tekið tillit til námsferils viðkomandi vísindamanns, sjálfstæðis, frumleika og árangurs í vísindastörfum að loknu námi; ritsmíða, einkaleyfa og alþjóðasamstarfs, svo og annarra vísbendinga um líklegan árangur af störfum viðkomandi. Sérstaklega er litið til brautryðjendastarfs í vísindum. Þá er litið til faglegs framlags á vinnustað og miðlun þekkingar til íslensks samfélags. Fimm handhafar verðlaunanna skipa dómnefnd.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 20. apríl 2011.

Tilnefningum og upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið rannis@rannis.is

Nánar á www.rannis.is

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



**Árleg bridshátíð** og hrossakjötsveisla verður í Þórbergssetri í Suðursveit helgina 2. til 3. apríl. Bridshátíðin er haldin til minningar um Torfa Steinþórsson á Hala. Nánar á www.rikivatnajokuls.is




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
LAGERSALA
ÓTRÚLEG VERÐ
ÞÚ VELUR 3. FLÍKUR OG GREIÐIR AÐEINS KR. 5.000.-
FLOTTAR GALLABUXUR KR 5.000.-
SÍÐASTA VIKA
BARA SKEMMTILEGT
Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard.11:00 - 16:00
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir


Matti franski ætlar að reka hótel í nýuppgerðum útihúsum á Kirkjubóli á Hvítársíðu í Borgarfirði




;Á FERÐINNI | 2


# Ferðafólk fóðrað í fjósinu

Á Kirkjubóli á Hvítársíðu, slóðum borgfirsku skáldanna Guðmundar Böðvarssonar og Böðvars Guðmundssonar, er verið að breyta gömlum útihúsum í hótel. Það mun heita Hótel Á og verður opnað 15. júní. Nafnið dregur það af Hvítá í Borgarfirði enda er það á bökkum hennar.

Ábúandi og eigandi Kirkjubóls, Ragnar Sigurðsson, smiður með meiru, stendur að framkvæmdunum við Hótel Á en veitingamaðurinn Matthías Jóhannsson, vel þekktur sem Matti franski, ætlar að reka það. „Ég var á Hótel Laugahóli í Bjarnarfirði og vildi færa mig nær siðmenningunni en samt vera í sveit,“ segir Matti léttur í máli þegar forvitnast er um fyrirætlanir hans. Og ætlarðu að láta Strandamenn lesa það? verður blaðamanni að orði. „Já, já, ég er margbúinn að segja þeim það,“ svarar hann í sama tóni og áður.


Jeppadekk
-20%
afsláttur af jeppadekkjum!
Bremsuklossar
-15%
afsláttur af bremsuklossaskiptum
Smurþjónusta
1000 kr.
afsláttur af smuri!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**Hótel Rauðaskriða** í Aðaldal hefur fengið vottun norræna umhverfismerkisins Svansins til staðfestingar á góðum árangri í umhverfismálum. Hótel Rauðaskriða er þriggja stjörnu sveitahótel í Aðaldal í Þingeyjarsýslu.







Þar sem áður var nautpeningur á básum er nú boðið til borðs.

Framhald af forsíðu

Útihúsin á Kirkjubóli eru frá miðjum áttunda áratugnum og samanstóðu af fjósi og hlöðu. Fjósið hefur þegar umbreyst í hinn vistlegasta veitingastað þar sem rúmt er um fjörutíu manns við borð. Hlaðan er líka að taka stakkaskiptum því verið er að innrétta hana sem gististað á tveimur hæðum. „Við tvískiptum þeirri framkvæmd og tökum átta herbergi í notkun í sumar og önnur átta næsta ár,“ segir Matti. „Þetta er kjörstærð á hóteli til að geta rekið það og fylgst vel með öllu,“ bætir hann við.

Hvað skyldi kokkurinn svo ætla að bjóða upp á á Hótel Á? „Ég verð með súpu í pottunum í hádeginu enda margir hópar sem fara hring um Borgarfjörð fyrri part dags,“ svarar Matti. „Á kvöldin verða aðallega hótelgestir í mat. Það verður enginn hundrað rétta seðill heldur bara réttir dagsins: tveir forréttir, einn fiskréttur, einn kjötréttur og svo eftirréttur.“

Að síðustu er Matti spurður hvort hann ætli ekki að heiðra skáldfeðgana Guðmund og Böðvar með einhverjum hætti á hótelinu. „Jú, við erum að safna myndum sem tengjast staðnum, meðal annars af þeim. Það var meiningin að opna safn um þá, við sóttum um styrk til þess en fengum hann ekki,“ svarar Matti og minnir fólk á að skoða heimasíðu sem fer í loftið upp úr næstu mánaðamótum. Slóðin er www.hotela.is.

*gun@frettabladid.is*


Svona var umhorfs í fjósinu árið 1978.


## Tallinn Eistlandi

**Miðaldaborg frá 11. öld,16.-24. júlí**

Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav's kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.

## Eistland og Lettland

**Miðaldir - 16.-24. júlí**

2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum í gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.

## Veróna, Flórens og Feneyjar

**8 - 15 ágúst**



Einstök ferð til Ítalíu þar sem við heimsækjum 3 af fallegustu borgun landsins. Veróna borg þar sem Júlía og Rómeó bjuggu, Flórens þar sem mörg helstu mannvirki Leonardo Da Vinci eru staðsett, Feneyjar með hin rómuðu síki og gondóla. Vínsmökkun í Valplicella, heimsókn að Garda vatninu, þéttskipuð dagskrá skoðunarferða, vín og ostar. Rómuð Ítölsk stemmning frá upphafi til enda. Takmarkaður fjöldi sæta.

UPPSELT

## Veróna, Flórens og Feneyjar

**15 - 22 ágúst**

Einstök ferð til Ítalíu þar sem við heimsækjum 3 af fallegustu borgun landsins. Veróna borg þar sem Júlía og Rómeó bjuggu, Flórens þar sem mörg helstu mannvirki Leonardo Da Vinci eru staðsett, Feneyjar með hin rómuðu síki og gondóla. Vín-smökkun í Valplicella, heimsókn að Garda vatninu, þéttskipuð dagskrá skoðunarferða, vín og ostar. Rómuð Ítölsk stemmning frá upphafi til enda. Takmarkaður fjöldi sæta.

UPPSELT

## Flórens og Róm

**25 júlí -1 ágúst**



Tveggja borga ferð til Ítalíu þar sem við heimsækjum sannkallaða gullkistu listar og menningar í Flórens sem er ein fallegsta borg landsins. Ítarleg skoðunarferð ásamt hádegisverði. Gist í Bologna komunóttina og síðan dvalið í borginni eilífu, Róm. Úrval skoðunarferða í boði í Róm.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eistrasaltslanda
www.transatlantic.is



# 5000 KR. DAGAR




- **Kjólar** stuttir/síðir
- **Skokkar**
- **Pils**
- **Peysur**
- **Gallabuxur** og margt fleira

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Við erum á facebook.



nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA


Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

# púst þjónusta

MIÐVIKUDAGUR 30. MARS 2011 KYNNING




MYND/GVA










# Púströr geta orðið ömurlega gömul

„Við smíðum það sem ekki er hægt að kaupa og ef okkur finnst dýrt það sem fæst tilbúið þá bara búum við það til," segir Björgvin Elísson, framkvæmdastjóri Bón og pústþjónustunnar á Egilsstöðum sem er eina verkstæðið á svæðinu frá Djúpavogi til Þórshafnar sem smíðar pústkerfi. „Við höfum vél sem beygir rörin og eigum að geta bjargað pústkerfum undir hvaða bíl sem er," segir Björgvin sem sinnir meðal annars jeppakörlunum á breyttu bílunum. „Þeir vilja náttúrulega hafa pústkerfin sver. Maður fær bara eitthvert pláss sem er skorið við nögl og verður að koma kerfinu fyrir. Það er einna stærsti parturinn í smíðinni."

Björgvin er búinn að reka verkstæði á Egilsstöðum frá 1997 og kveðst núna á besta stað í bænum. „Ég var búinn að kaupa húsið á uppsprengdu verði fyrir kreppu. Rétt við Fagradalsbraut," segir hann glaðlega.

Björgvin er maður ekki einhamur því hann rekur líka dekkjaverkstæði og sölu, er með skiltagerð og sér um merkingar á bíla, auk þess að setja sólarfilmur í bílrúður sem hann segir ævintýralega nákvæmnisvinnu. „Svo erum við að þrífa bíla. Bónið í nafninu segir kannski svolítið til um það.




**„Við smíðum það sem ekki er hægt að kaupa," segir Björgvin í Bón-og pústþjónustunni.**

Tökum líka að okkur léttari viðgerðir, næstum því hvað sem er," lýsir hann. „Það er svo lítið um að púströr ryðgi í sundur hér fyrir austan.

Það vantar Reykjavíkursaltið til að ég hefði meira að gera," segir Björgvin skellihlæjandi. „Púströr geta orðið alveg ömurlega gömul hérna."

● **ÞEGAR KEYPTUR ER NOTAÐUR BÍLL** er vert að athuga vel nokkur atriði. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur útbúið gátlista vegna bílakaupa. Hér má sjá hluta hans.

- Er lakk skemmt eða sést ryð?
- Athugið með segli hvort gert hafi verið við með plastfylliefnum. Segullinn dregst aðeins að járni.
- Móða innan á bílrúðum í þurrviðri getur verið vísbending um ryð.
- Athugið hvort yfirbygging hafi skekkst.
- Falla hurðir vel að?
- Lyftið gólfmottum til að kanna hugsanlega ryðmyndun. Athugið einnig undir mottu í farangursgeymslu og undir varadekkið.
- Skrúfið rúðurnar upp og niður, athugið slit í lömum með því að lyfta undir hurðir.
- Athugið kælivatn á vél – engin olía má vera í vatninu. Olía í kælivatni gæti bent til þess að „head-pakkning" sé léleg eða að blokkin sprungin.
- Eru óhreinindi eða olía utan á vélinni?
- Athugið hvort dropar séu undir bifreiðinni. Kanna þarf hvort um sé að ræða vélarolíu, bensín, bremsuvökva, kælivatn eða annað.
- Athugið rafgeymi, er útfelling við pólana?
- Mælið olíu á vélinni. Lítil eða óeðlilega þykk olía bendir til að vélin sé mjög slitin.
- Athugið smurþjónustubók.
- Athugið hjólbarða. Raufar í mynstri skulu vera a.m.k. 1,6 mm á dýpt þar sem þeir eru mest slitnir. Hjólbarðar eiga allir að vera af sömu gerð.
- Ræsið vélina. Hlustið eftir óeðlilegum hljóðum.
- Stígið fast á hemlafetil. Fótstig á ekki að fara alveg í botn, heldur á að vera gott bil niður að gólfi.
- Athugið kílómetramæli. Berið álestur saman við almennt útlit og aldur bifreiðarinnar. Reikna má með að meðalakstur sé frá 15.000-18.000 km á ári.






# Bjóðum góða þjónustu á sanngjörnu verði

**Fyrirtækið Kvikk þjónustan sérhæfir sig í pústþjónustu fyrir flestar gerðir bifreiða.**

„Við sinnum viðgerðum og smíði og flytjum að auki inn pústkerfi á mjög góðu verði," segir Sigurður Halldórsson, en hann og sonur hans Arnar eiga Kvikk þjónustuna ehf., sem sinnir almennri pústþjónustu fyrir flestar gerðir bíla, þó aðallega fólksbifreiðar og jeppa.

Sigurður stofnaði Kvikk þjónustuna við Sóltún 3 í nóvember 1992 og lagði þá áherslu á bremsuviðgerðir. Pústþjónustan bættist við sex árum síðar og var þá hugsuð sem aukabúgrein en er í dag orðin meginstoð fyrirtækisins. „Það varð strax allt brjálað að gera þannig að ég ákvað að breyta um áherslu og hef síðan varla upplifað rólegan dag í starfi."

Kvikk þjónustan rekur nú tvö verkstæði, eitt að Bíldshöfða 18 í Reykjavík og annað að Drangahrauni 1 í Hafnarfirði. „Á hvorum stað erum við með góðan lager af pústkerfum, sem við höfum innflutning á fyrir átta árum til að auka samkeppni á þeim markaði, og pöntum við eftir þörfum," útskýrir hann og segir starfsmenn taka vel á móti viðskiptavinum. „Við leggjum metnað í þjónustu



**Vel er tekið á móti viðskiptavinum Kvikk þjónustunnar.** MYND/GVA

og bjóðum til dæmis yfirleitt upp á pústþjónustu samdægurs. Einnig bjóðum við þá þjónustu að viðskiptavinurinn geti bókað tíma fyrir pústþjónustu sjálfur á netinu á heimasíðunni www.kvikk.is."

Ýmislegt fleira stendur viðskiptavinum Kvikk þjónustunnar til boða. „Við sinnum líka bremsuviðgerðum, demparaskiptum og í raun öllu því helsta sem tilheyrir skoðunarmálum," segir hann og hvetur sem flesta að kynna sér betur þjónustuna.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.

# Margt eykur orkunotkun



Hátt eldsneytisverð hefur vakið marga bifreiðaeigendur til umhugsunar um hvernig minnka megi orkunotkun. Nokkur atriði er viðhald varða geta haft þónokkuð að segja.

Réttur loftþrýstingur í dekkjum skiptir miklu máli en of lítill loftþrýstingur getur aukið eyðslu um 6%. Þá skiptir miklu máli að vélin sé rétt stillt og loftsían hrein til að halda eldsneytiskostnaði niðri.

Annað sem getur haft áhrif er óþarfa farangur en aukin byrði veldur meiri áreynslu. Mætti þar huga að því hvort ekki megi fjarlægja toppgrindur og aukafarangursgeymslur ofan á bílþakinu sem ekki eru í notkun.

*-jma*

# Allur gangur á endingartíma

Líftími einstakra hluta bifreiðarinnar er mislangur og því misjafnt hvenær þarf að huga að því að endurnýja þá eða gera við. Rannsóknir hafa verið gerðar á endingu einstakra bílhluta og á heimasíðu Umferðarstofu, umferdarstofa.is, má finna töflu sem sýnir niðurstöður slíkra rannsókna.

Sem dæmi um þau meðaltöl sem þar birtast, um endingartíma einstakra hluta, má nefna þurrkublöð, sem rannsóknir sýna að endast að meðaltali í 20.000 kílómetra. Þá endast hemlaborðar og hemlaklossar að meðaltali í 40.000 kílómetra og smurolíusía í bensínvél í um eitt ár.

*-jma*



**Þurrkublöð bifreiða endast samkvæmt rannsóknum að meðaltali um 40.000 kílómetra.**

# Sérsmíðum það sem ekki fæst annars staðar

„Hjá okkur fást pústkerfi í allar tegundir bíla, líka þau sem ekki eru til en við framleiðum hér á staðnum það sem ekki er fáanlegt annars staðar á landinu. Við eigum gríðarlega mikið úrval af efni sem við getum smíðað úr,“ segir Einar S. Ólafsson, annar eigenda pústþjónustunnar Púst ehf. að Smiðjuvegi 50 í Kópavogi.



**„Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til,“ er mottó Einars S. Ólafssonar og Elvars Ö. Magnússonar hjá Pústi ehf.** MYND/GVA

Einar stofnaði fyrirtækið ásamt Elvari Ö. Magnússyni bifreiðasmið árið 2006 en hefur sjálfur starfað við smíði pústkerfa í yfir tuttugu ár. Hann er því öllum hnútum kunnugur í faginu eins og hann orðar það og hefur nóg að gera.

„Fólk nýtir sér talsvert sérsmíðiþjónustuna en einnig er mikið að gera í tengslum við hvarfakúta í bíla. Við höfum orðið okkur úti um gott úrval af hvarfa- eða mengunarkútum sem kosta minna en annars staðar, til dæmis hjá umboðunum. Við flytjum allar okkar vörur sjálfir inn, sem er ástæðan fyrir því góða verði sem við getum boðið upp á. Ef einhver segði mér að við værum með besta verðið í bænum, þá yrði ég fyrstur til að trúa því,“ segir Einar hlæjandi. Allar upplýsingar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins, www.pustkerfi.is

Bón
Alþrif
Djúphreinsun
• Bílaverkstæði
• Almennar viðgerðir
• Pústkerfi og sérsmíði
• Hjólbarðaverkstæði
• Góð dekk • Skiltagerð
• Bílamerkingar
BÓN&PÚST ÞJÓNUSTAN
Lyngás 5 · 700 · Egilsstaðir
Sími 471-3113 · GSM 861-4260
Filmur • Bílgræjur
Framrúðuviðgerðir • Rafgeymar





**„Við leggjum ofuráherslu á vönduð og góð vinnubrögð,“ segir Smári Óskar Hólmarsson, eigandi Betra pústs.** MYND: VILHELM

# Með „Betra púst“ í blóðinu

Betra Púst í Skógarhlíð 10 er ný pústþjónusta þar sem áhersla er lögð á fljóta og góða þjónustu auk þess að þjónusta stærri farartæki bæði hvað varðar púst, rúðuísetningar og sérsmíði.

„Við erum búin að vera hérna í mánuð og viðtökurnar frábærar. Þessa þjónustu vantaði á þetta svæði,“ segir Smári Óskar Hólmarsson, eigandi Betra pústs í Skógarhlíð 10 sem má segja að sé beint á móti Hlíðarenda. Smári er þó enginn nýgræðingur í faginu því hann byrjaði að vinna hjá föður sínum á pústverkstæðinu Fjöðrinni fimmtán ára gamall. „Ég hef mikinn og góðan bakgrunn. Það má eiginlega segja að þetta sé í blóðinu,“ segir Smári og hlær.

Í húsnæðinu í Skógarhlíð 10 er hátt til lofts og vítt til veggja, auk þess sem innkeyrsludyrnar eru stærri en gengur og gerist á verkstæðum. „Ég get tekið heilu rúturnar hérna inn og gert við þær,“ segir Smári. „Hér sérsmíðum við pústkerfi í öll ökutæki, meira að segja vinnuvélar, fjórhjól og mótorhjól og einnig getum við beygt vatnsrör fyrir pípulagningaverktaka. Ef það er pústkerfi í farartækinu þá getum við græjað það. Auk þess bjóðum við upp á að skipta um ljósaperur og rúðuþurrkur eða bæta á olíuna, ýmislegt smotterí sem fínt er að koma í lag úr því bíllinn er kominn inn á gólf hjá okkur. Þar að auki bjóðum við upp á þjónustu sem pústverkstæði eru yfirleitt ekki með, en það eru rúðuísetningar og viðgerðir á framrúðum í allar gerðir bíla. Við leggjum ofuráherslu á vönduð og góð vinnubrögð og að kúnninn fari héðan ánægður.“

Smári segir viðtökurnar hafa verið frábærar. „Það hefur verið ótrúlega mikið að gera hjá okkur síðan við opnuðum og viðtökurnar farið fram úr björtustu vonum.“ segir hann. „Fólk kemur með bílinn vegna pústsins og líkar vinnan svo vel að það kemur aftur til okkar ef eitthvað annað bilar. Enda er það prinsippmál hjá mér að bíllinn fari ekki héðan út fyrr en hann er í toppstandi. Ég legg mikið upp úr því að halda kúnnanum vel upplýstum og láta hann fylgjast með því hvað er að og hvað viðgerðin muni kosta. Við bjóðum líka upp á þjónustu að fólk geti komið hingað með bílana og við skoðað þá, komist að því hvað er að og hvað það muni kosta að gera við það. Sú þjónusta kostar ekkert aukalega. Í framtíðinni er svo meiningin að koma upp huggulegri kaffiaðstöðu þar sem fólk getur sest og beðið á meðan við dyttum að bílnum og haft það huggulegt.“

Betra Púst
• Almennar pústviðgerðir og sérsmíði í flest ökutæki
• Þjónusta f. stóra bíla
• Bílrúðuísetningar
• Bílrúðuviðgerðir
• Góð og örugg þjónusta
SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK
Betra púst ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík
Sími: 555 7070
www.betrapust.is
betrapust@betrapust.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir



Slípirokkur 500w
kr. 2.995,-
Laufsugur 2400W
kr. 9.600,-
Bílaþvottakústar
kr. 2.995,-
Hekkklippur
kr. 7.995,-
Höggborvél 500w
kr. 2.395,-
Akrýllitir 200ml
kr. 985,-
Akrýllitir 400ml
kr. 1.540,-
Úðabrúsi 5 lítra
kr. 2.695,-
Gólftjakkur 2,25T
Lyftihæð 53,5cm
kr. 19.995
Loftdæla 12V 30L
kr. 8.995,-
Hleðslutæki 12V 2-6A
kr. 12.995,-
Gólftrönur Dorset
kr. 5.160,-
Gólftrönur Country
kr. 11.990,-
Klaufhamrar
Frá kr. 560,-
Háþrýsti- þvottatæki
kr. 15.750,-
Vélastandar þrjár gerðir
frá kr. 18.485,-
Transari 160A
kr. 22.995,-
Akrýllitir 75ml
kr. 480,-
Airbrush-sett
Kr. 4.995,-
Olíulitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x 12ml
Frá kr. 1.245,-
Bílabónvél 110W 240mm
kr. 4.995,-
Rafmangnstalíur 200 - 800 kg
Frá kr. 22.995,-
Verkfæratöskur
frá kr. 480,-
Loftpressa 236L
24L kútur 8Bör
Kr 26.995,-
Akrýl-, Olíulita-
og Vatnslitaspjöld
Frá kr. 335,-
Akrýklitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x12ml
Frá kr. 1.240,-
Myndlistarvörur
í miklu úrvali
Dráttarspil 12V
kr. 43.695
Hleðsluborvélar,
fjölmargar gerðir
Frá kr. 3.995,-
Legubretti
Kr. 11.995,-
Ljósahundur, hleðslu
60LED 12/230V
Kr. 4.995,-
Loftlykill 1/2" m/ 11 toppum
Kr. 11.995,-
Hleðsluskrúfjárn
kr. 2.370,-
Pökkunarlímband
kr. 299,-
Fyrir hestamanninn,
Steðjar
10 Kg
Kr. 9.380,-
25 kg
Kr. 22.145,-
Skissubækur
Frá kr. 685,-
Strigar
Frá kr. 195,-
Vatnslitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x 12ml
Frá kr. 1.240,-
Ennisljós
Kr. 995,-
Hjólbörur
kr. 5.985,-
Smergel + Bandslípivél
kr. 9.895,-
Skissublöð
Frá kr. 320,-
Þekjulitir
Frá kr. 730,-
Keðjusög 2000W
kr. 16.995,-
Glansþvottalögur 1 lítri
kr. 815,-
Hard Wax 500ml
kr. 1.550,-
Verkfæralagerinn
16 ára
OPNUNARTÍMI
Smáratorgi 1 | 201 Kópavogi
DV EHF. / JÓN INGI

STÓRA BÍLASALAN



Jeep Grand Cherokee Laredo NEW Árgerð 2011, ekinn 400km, sjálfskiptur, 4x4, hiti í sætum, hraðastillur o.fl.. Bíll væntanlegur til landsins 25. Apríl. Verð 7.990.000kr. Raðnúmer 131301. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Ford Focus 2005 - 1,6 - 600 þús út - Yfirtaka 660 þús. Afb. 23 þús. ek. 84 þús. Dökkar rúður og dráttarkrókur. Skoðaður til Júní 2012. Ný smurður. Toppeintak. Óskum einnig eftir öllum gerðum af húsbílum og hjólhýsum á skrá. Visa/Euro. Stórt útipláss. Uppl í síma 445-3367/695-7608 - Axel

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

bíll.is bestir í bílum...



OPEL Astra-g-caravan station 16v abs. Árgerð 2000, ekinn 166 Þ.Km sjálfskiptur. Bíll í fínu standi Verð 399.000.Fyrstur kemur fyrstur fær Rnr.133333.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



HÖFUM KAUPANDA AÐ HOBBY 650 UMFE STAÐGREIÐSLA Í BOÐI. Vanta á skrá og á staðinn hjólhýsi og fellihýsi einnig tjaldvagna og húsbíla vegna eftirspurnar.



HÖFUM KAUPANDA AÐ HOBBY 650 UMFE STAÐGREIÐSLA Í BOÐI. Vanta á skrá og á staðinn hjólhýsi og fellihýsi einnig tjaldvagna og húsbíla vegna eftirspurnar.

**Höfðabílar**
**Fosshálsi 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.notadirbilar.is
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2010, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.690.Eins og nýr Rnr.111173.



MINI Cooper s. Árgerð 2007, ekinn 13 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Tilboð 2.950. Ásett verð 3.990 Rnr.111195.Bein sala.



FORD Focus trend. Árgerð 2006, ekinn 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.Mjög fallegur og vel með farinn bíll Rnr.216094.



M.BENZ Cl 63 amg coupe. Árgerð 2008, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 19.900.Ein með öllu Rnr.111095.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2004, ekinn 105 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890. Rnr.271649.



VW Golf sportline. Árgerð 2004, ekinn 127 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.290.Gull fallegur bíll og ný tímareim Rnr.216497.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

TOPPBÍLAR bílasala



SUZUKI Swift. Árgerð 2010, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. TILBOÐ 1.990.000.- Rnr.284426.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

## Bílar til sölu



Subaru Legacy nýskr. 01/'05. Krókur, skíðabogar. V. 1.800 þús. S. 896 4277.



Dodge Ram 6,7 Diesel Laramie árg 2007 ekinn 33 þús. Leður hús á palli. Fallegur bíll. S: 898-2811.



Ford F350 King Ranch 2008 með öllu. Góð 37" dekk og fallegar felgur, brettakantar, pallhús og margt fleira. Ekinn 47000 km. Bíll í toppstandi og nýskoðaður. Ekkert áhvílandi og öll skipti koma til greina. Upplýsingar í síma 821 6386.



**Skoda Fabia**
**TILBOÐ 637 þúsund.**
Til sölu Skoda Fabia nýskráð 6.12.2002 ekinn 100 þúsund Nýskoðaður 2012, góð vetrardekk, 2 eigendur, góður bíll með 1400 vél, beinskiptur, Verð 740 þúsund en TILBOÐ 637 þúsund, möguleiki á visa/euro láni, ath skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 693-5053



Til sölu Toyota Aygo árg.'07, ek. 19 þús. Sumardekk á felgum fylgja. V. 1550 þús. Uppl. í s. 555 2495 & 863 9407.

Nissan terrano 2 diesel árg. '99 7 manna Ek.176Km Verðhugmynd 450þ. Kr. S. 694 7669.

## 0-250 þús.

KIA Sportage'99 Ekinn 180Þ. Þarfnast lagfæringar. Verð 100þ. S 6957850

## 250-499 þús.



**!!! Tilboð 420þús !!!**
FORD MONDEO árg 2001 ek.170 þús,skoðaður 2012, beinskiptur,virkilega góður bíll! ásset verð 640 þús TILBOÐ 420 ÞÚS! S.841 8955



**Góður jepplingur á 320 þús!**
MITSUBISHI PAJERO (stuttur!) 4x4 V-6 3.0 181 hö árg'98 ek.160þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, ásett verð 500 þús TILBOÐ 320 ÞÚS STGR! s. 841 8955.

## 500-999 þús.



**!! Sjálfskiptur, flottur bíll !!**
Subaru Legacy 4x4 árg '00, ekinn aðeins 144þús, station, álfelgur, heilsársdekk, ný skoðaður 2012, bíll í mjög góðu standi, ásett verð 890þús, Tilboðsverð aðeins 640þús, uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Til sölu Man 15280, 18 bretta bíll. Árg. '08, ek.85 þús, er með talstöð og mælir. Með lyftu 2.5 tonn. V. 12 milljónir + vsk. Toppbíll. Upplýsingar í síma 893 2190.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746

## Vélsleðar



Arctic Cat M8 Sno Pro árg. 2007 ekinn 1600. Sem nýr einn með Öllu. S: 8982811.

## Kerrur



Til sölu sleðakerra, næsta skoðun 2014. Uppl. í síma 696 5000.



Brenderup 3205S Innanmál: 204x142x35cm -burðargeta 600kg - 10" dekk - verð kr. 202.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

## Fellihýsi




Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ



leiguvelar.is
Sími: 414-8600

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Til sölu


# Þarft þú að færa þína tunnu?

## Er hætta á að hún fjúki?

**Tunnufestingin heldur henni á sínum stað!**



Ódýr lausn og einföld í uppsetningu.

Tunnufestingin veldur engum töfum við sorphirðu.

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

maggi@12og3.is 400.034


## Þjónusta


**BÍLAÞJÓNUSTAN BILAÐI BÍLLINN**
Skógarhlíð 10 – 105 Reykjavík
Sími 445 5562 – Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

Tökum einnig að okkur að gera við
**BREMSUVIÐGERÐIR---BREMSUKLOSSAR**
**SPINDILKÚLUR---STÝRISENDA**
**RAFGEYMA---ALLAR PERUR**
**BÍLAÞVOTTUR OG BÓN**

**TILBOÐ Á ALÞRIFUM Í APRÍL**
Alþrif fyrir fólksbíl Litla 7.900 kr. nú 5.900 kr.
Alþrif fyrir fólksbíl 9.900 kr. nú 7.900 kr.
Alþrif fyrir jepplinga 11.900 kr. nú 9.900 kr.

**ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA**
**OPIÐ FRÁ 10.00 – 22.00 ALLA DAGA**

## Fasteignir

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**Holtsgata 25, Reykjavík, önnur hæð til vinstri.**



**Opið hús í dag milli kl: 17.30 og 18.00. Sölumaður verður á staðnum.**
Mjög skemmtileg 2ja herbergja, 54,2 fm íbúð á annari hæð í góðu steinhúsi, sér geymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara.
**Verð 17,9 millj.**

**Leifur Aðalsteinsson**
löggiltur fasteignasali

## Til leigu

**Til sölu – Iðnaðarhúsnæði að Klettagörðum 13 Reykjavík í eigu þrotabús Bikars ehf.**

Tilboð óskast í 8.926 fm iðnaðarhúsnæði í eigu þrotabú Bikars ehf. Klettagörðum 13, Reykjavík.

Húsið er stálgrindarhús og byggt 2008. Um er að ræða tvær einingar annarsvegar 3.150 fm og hinsvegar 5.776 fm. Lóðin er leigulóð frá Reykjavíkurhöfn 14.376 fm.

Minni einingin er í útleigu og losnar 31. júlí 2011 en sú stærri er laus nú þegar.

Upplýsingar veittar á skrifstofutíma hjá Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur, hrl. skiptastjóra á Lögfræðistofu Reykjavíkur í síma 515-7400 eða tölvupóstur gudrun@icelaw.is

## Tilkynningar

**DEILISKIPULAG Í ARNARNESI**
**FUNDUR MEÐ ÍBÚUM**

Skipulagsnefnd Garðabæjar boðar hér með til fundar með íbúum í Arnarnesi. Á fundinum verður vinna við gerð deiliskipulags núverandi byggðar kynnt og fundarmönnum gefinn kostur á að tjá sig um skipulagsmál svæðisins. Í samræmi við skipulagslög verða forsendur deiliskipulagsvinnunnar kynntar og hvaða áherslur skipulagsnefnd vill leggja til grundvallar.

**Fundurinn verður haldinn í Sjálandsskóla fimmtudaginn 31.mars nk. milli klukkan 17.30 og 19.00.**

Við hvetjum íbúa til þess að mæta á fundinn og taka þátt í mótun tillögunnar.

f.h. skipulagsnefndar Garðabæjar
**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

## Óskast keypt

Mig vantar ísskáp með frystihólfi og þá vantar mig þvottavél helst 1400 snúninga má vera meira vonast eftir góðu verði uppl: 8488575 Páll

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

**Rósir 490 kr. stk.**
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120



**BARA KRÚTTLEGIR**
Bjóstahaldarar kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Spa Dream Oasis**
**Margar gerðir af nuddi fyrir menn, konur og pör. Vel menntuð og með góða reynslu á þessu sviði. Ekkert sex nudd.**
**Opið frá 10-19 mán-lau.**

**Uppl. s. 862 0941**



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**www.nudd.biz sími 777 3030**
Slökunarnudd/vöðvanudd. Tilboð. www.nudd.biz sími 777 3030.

## Þjónusta



EINKATÍMAR Í YOGA OG YOGAÞERAPÍU. www.yogaheilsa.is Gummi: 6918565

## Ýmislegt



Indjánagufa í Mosfellsbæ helgina 1.-3. apríl Tökum á móti 7-15 manna hópum. Uppl. á www.heilsukjarninn.is eða í s 820 0800

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Farðu í öðruvísi frí. Skúta og skipstjóri til leigu í Miðjarðarhafinu. www.siglari.com

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

16fm herb. til leigu í 101 fyrir reyklausan í fastri vinnu. V. 35 þús. Uppl. í síma 551 2450 og 899 8208.

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

3 herb. 93 fm á jarðhæð í hlíðunum, sérinng. 3 mán. bankatr, leiga 120 þús. fyrir utan hita og rafmagn. Senda á fagrabrekka@yahoo.com.

Til Leigu. ca 60 fm íbúð í Hátúni,RVK. Allt nýtt. Leiga 105 þús, 3 mánaða banka ábyrgð. Contact bjorgvin@igl.is eða Friðrik 892 4578

Til leigu falleg lítil 3gja herb íbúð í Hafnarfirði í litlu fallegu tvíbýli. Aðeins heiðarlegt og reglusamt fólk kemur til greina. Aðeins leigð gegn bankaábyrgð. Uppl í s 899-6699

Til leigu 2 herb. ca. 50fm íbúð í sérbýli í Garðabæ.m. sér inng., bílastæði, verönd og garður V. 85 þ. + hiti og rafm. S. 869 0360.

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir 3ja herb íb miðsv í Rvk. Erum reglusöm & bæði í vinnu. S:8672840

Óskum eftir lítilli íbúð helst í miðbæ Rvk, greiðslug. 80 þús. S. 615 8425.

## Atvinnuhúsnæði

**Bílaleiga**
Óskum eftir snyrtilegu húsnæði undir litla bílaleigu. Uppl. í s. 896 1001

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Vélstjóra með 1000 ha réttindi vantar á tæpl. 200tonna rækjubát. Uppl. í s. 892 5522.

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. 25 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Viggó í 553-6688 eða viggo@tmi.is

Ertu í atvinnuleit? Höfum fengið fyrirspurnir eftir starfsfólki í eftirfarandi störf: Hjólbarðaþjónustu Forritun Sölustörf Bifvélavirkjun ofl. Sendu inn almenna umsókn í dag - það gæti borgað sig. Hugtak - ráðningar og ráðgjöf / www.hugtak.is

**Nonnabiti**
Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára. Uppl. í s. 899 1670 og á Nonnabitum.

**CAFE OLIVER !**
Óska eftir kokkum. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi póst á arnar@cafeoliver.is

Nýtt veitingahús í 101 Reykjavík, óskar eftir starfsfólki í eldhús, bar og í sal. Uppl. í s. 770 1516.

**Málarar**
Húsfélagið Þorláksgeisla 43 óskar eftir tilboði í málingar- og gluggavinnu ofl. uppl. 897 0456 eða vordur@internet.is

Ert þú í skóla - Vinnu eða á bótum og vantar aukavinnu/vinnu? Við bjóðum uppá skemmtilegt starf fyrir þig. Uppl. Gefur: Gunnar s.777 3391 Elsa s. 846 7680

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Tilbreyting Íslenskar konur sem leita mjög ákveðið að tilbreytingu nota símaþjónustuna Rauða Torgið Stefnumót. Auglýstu frítt: s. 555-4321. Heyra auglýsingar: 905-2000 og 535-9920.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup, janúar til mars 2011.**
**Meðallestur á tölublað, 18–49 ára.**




Allt sem þú þarft...

# tímamót

timamot@frettabladid.is



38 **AUÐUR JÓNSDÓTTIR** rithöfundur er 38 ára.

*„Almennt held ég að fólk í pólitískum stöðum skiptist á að koma manni ánægjulega og illa á óvart.“*



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín Ágústa Thorarensen**

Hólmgarði 2a, Keflavík,

lést á Grensásdeild Landspítalans laugardaginn 12. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey frá Keflavíkurkirkju að ósk hinnar látnu.

**Ragnheiður Thorarensen** **Theodór Jónsson**
**Andrea Thorarensen**
**Skúli Theodórsson** **Dagný Erlendsdóttir**
**Thelma Theodórsdóttir** **Elvar Sturluson**
**Andrea Theodórsdóttir** **Valur Ingólfsson**
**Katrín Thorarensen** **Ólafur Númason**
**Kristín Thorarensen** **Davíð Hreinsson**
**Sigurjón Harðarson**
**og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Karl Helgason**

fv. kennari á Akranesi,
Gullsmára 9, Kópavogi,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 25. mars. Útför hans fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ föstudaginn 1. apríl kl. 13.00.

**Már Karlsson** **Fanney Leósdóttir**
**Þröstur Karlsson** **Anna H. Gísladóttir**
**og barnabörn.**



**FLYTUR** Jón Viðar neyðist til að loka Skalla við Vesturlandsveg. Hann ætlar að opna nýjan söluturn og ísbúð undir merkjum fyrirtækisins í Ögurhvarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKALLI VIÐ VESTURLANDSVEG: FLYTUR

# Farsæll söluturn færir sig um set

Skalli við Vesturlandsveg hefur um árabil verið með vinsælli vegasjoppum landsins. Margir verða því sjálfsagt undrandi yfir því að fyrirtækið ætli að flytja starfsemi sína í vikunni.

„Ég er mjög vonsvikinn. Hefði gjarnan viljað vera hér áfram, sérstaklega þar sem vel hefur gengið síðustu ár eftir að reksturinn fór almennilega í gang. Hins vegar var okkur bara ekki gefinn kostur á því,“ segir Jón Viðar Magnússon, sem hefur rekið Skalla frá því að fyrirtækið hóf starfsemi sína í Lækjargötu fyrir fjörtíu árum. Hann opnaði söluturninn við Vesturlandsveg fyrir tæpum átján árum en þarf nú frá að hverfa þar sem Skeljungur vill ekki framlengja húsaleigusamninginn við fyrirtækið.

„Þetta er ekki spurning um hærri húsaleigu; við vorum alveg tilbúin að greiða meira. Ég heyrði því aftur á móti fleygt fram að okkur gengi einfaldlega of vel og Skeljungur sæi sér því leik á borði með því að opna eigin starfsemi í húsnæðinu,“ segir Jón Viðar, sem ætlar ekki að leggja árar í bát þótt á móti blási heldur opna sjoppu undir merkjum Skalla á nýjum stað á föstudag.

„Eftir langa leit fann ég loks fullkominn stað í Ögurhvarfi 2, við hliðina á Til sjávar og sveita. Þetta er rúmgott húsnæði í miðri byggð og mikil umferð allt um kring,“ segir Jón Viðar en viðurkennir þó að blendnar tilfinningar fylgi flutningunum. „Þótt gaman verði að opna á nýjum stað erum við að stinga okkur í djúpu laugina og maður á eftir að sakna fastakúnnanna sem hafa átt þátt í að gera starfið skemmtilegt.“

Jón Viðar segir fleiri breytingar fyrirhugaðar, þar á meðal á matseðli. „Lúgan og skyndibitinn, hamborgarar og franskar verða á sínum stað en meiri rækt verður lögð við pitsur og ís en áður,“ segir hann og bætir við að eins verði nokkrir heilsuréttir á boðstólum. „Ég vil þó taka fram að óhollusta er í algjörum minnihluta þótt öðru sé stundum haldið fram; sem dæmi fer úrvals kjöt, gróft brauð og ferskt grænmeti í hvern borgara og sósan er eina óhollastan en það er alfarið undir hverjum og einum komið hvað mikið er notað af henni og frönsku kartöflurnar eru það eina sem fer í djúpsteikingarpottinn.“

Jón Viðar ætlar eftir sem áður að standa vaktina í Skalla og nýtur meðal annars liðsinnis fjölskyldunnar. „Konan hefur verið með mér í þessu frá upphafi og börnin líka. Svo taka barna- og barnabarnabörnin stundum þátt, svona þegar þau eru ekki í skólanum og allir ganga í öll verk. Þannig að oft er glatt á hjalla hjá okkur,“ segir hann og brosir.

roald@frettabladid.is



*Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Bergþór Friðriksson**

frá Fáskrúðsfirði,

sem lést 24. mars, verður jarðsettur frá Garðakirkju þann 1. apríl kl. 13.00.

**Elín Þorsteinsdóttir**

**Bjarni Sigmar**
**Gréta** **Ingvaldur**
**Hanna Þóra** **Ómar**
**Friðrik** **Kristborg**
**Árný Bára** **Ægir**
**Ingibjörg Margrét**
**Steinunn Guðfinna**
**Stefán** **Berglind**
**Aðalsteinn** **Linda**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Friðriksdóttur**

frá Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og vistfólks fjórðu hæðar Hrafnistu Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

**Jón Berg Halldórsson** **Helga Sigurgeirsdóttir**
**Guðmundur Meyvantsson**
**Halldór Berg Jónsson** **Hrönn Helgadóttir**
**Sigurbjörg Jónsdóttir** **Jóhannes Helgason**
**Ólafur Þór Jónsson** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Guðlaugs Jóhannessonar**

rafvirkjameistara.

**María Másdóttir**
**Már Guðlaugsson** **Sigrún Sif Karlsdóttir**
**Kristófer Másson**
**Tryggvi Másson**
**Þórir Guðlaugsson**
**Andri Snær Þórisson**
**Sævar Þór Þórisson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ásthildur Michelsen**

lést föstudaginn 25. mars og verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju föstudaginn 1. apríl kl. 15.00.

**Lúðvíg Thorberg Helgason**
**Guðný Bergdís Lúðvígsdóttir** **Brynjar Olgeirsson**
**Birgir Freyr Lúðvígsson** **Ingigerður Arnarsdóttir**
**Fjölnir Lúðvígsson** **Ingibjörg Margrét Kristjánsdóttir**
**Björn Fjalar Lúðvígsson** **Hildur Myrna Lobrigo**
**Frank Snær Lúðvígsson**
**börn og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Jónsdóttir**

frá Brautarholti,

lést laugardaginn 26. mars á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS-félagið, sími 568-8620.

**Guðríður Svala Haraldsdóttir**
**Ólafur Haraldsson** **Alda Rut Sigurjónsdóttir**
**Daníel Ingi Haraldsson** **Steinunn Ásta Guðmundsdóttir**
**Halldór Friðrik Haraldsson** **Arna Pálsdóttir**
**Katrín Lilja Haraldsdóttir** **Reynir Sigursteinsson**
**Guðrún Birna Haraldsdóttir** **Gísli V. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Sigurður Magnússon**

fv. framkvæmdastjóri,
Klapparstíg 1, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 27. mars. Jarðarför fer fram föstudaginn 1. apríl kl. 15 frá Fríkirkjunni í Reykjavík. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Íþróttasamband fatlaðra.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigurður Rúnar Sigurðsson** **Ágúst Birgisson**
**Jóhann Sigurðsson** **Agnes Elva Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Ásgrímur Pálsson**

Álfkonuhvarfi 31, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 27. mars sl. Útför hans fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 6. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Linda Gústafsdóttir**
**Ágústa H. Árnadóttir** **Sigurjón Ingvarsson**
**Páll Árnason** **G. Harpa Jóhannsdóttir**
**Ómar Þór Árnason** **Rakel Lindberg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## GOTT VÖRUVERÐ VERSLUM Í BÓNUS

**998 KR.KG**
BÓNUS NÝREYKTUR
**HAMBORGARHRYGGUR**

**898 KR.KG**
ALI FERSKAR
**GRÍSAKÓTILETTUR**

**598 KR.PK**
KJARNAFÆÐI KOFAREYKT
**SVEITABJÚGU** 1.26 KG

**599 KR.KG**
*25% AFSLÁTTUR*
**BÓNUS VÍNARPYLSUR**
MERKT VERÐ: **798 KR.KG** U.Þ.B. 285 KR. PAKKINN

## ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn

*ÞARF AÐEINS AÐ HITA!*

BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

100% ÍTÖLSK
50% MEIRA MAGN
BETRA VERÐ

**EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA**
**598** KR.750ml

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ
SPARHAKK
**359** kr.625g

BÓNUS *SALÖT Á BRAUÐIÐ*

**RÆKJU**SALAT & **TÚNFISK**SALAT
**198** KR. 200g

**KORNBRAUÐ**
1 KG / 26 SNEIÐAR.

**KORNBRAUÐ** 26 SNEIÐAR
**198** KR.

KOMIÐ AFTUR

**LISTERINE**
**798** KR.500ml

**35** KR. PK
**ROOKEE** NÚÐLUR 85g **35** KR. PAKKINN.

**798** KR. PK
**NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR**
3JA LAGA - 160 BLÖÐ

**HREINGERNIGARLÖGUR**
ALL PURPOSE CLEANER 1 LTR.
**198** KR. 1 ltr.

**FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.**
**198** KR.450g

**PEPSI & PEPSI MAX** 4 FL. x 2 LTR
**698** KR.

EUROSHOPPER 1 ltr. **GLERHREINSIR**
**259** KR. 1 ltr.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, **6.** komast, **8.** smáskilaboð, **9.** egna, **11.** hæð, **12.** brotthlaup, **14.** glingur, **16.** kveðja, **17.** útsæði, **18.** angan, **20.** 950, **21.** krafs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hvæs, **3.** fyrirtæki, **4.** lítilmenni, **5.** suss, **7.** vinsæll, **10.** ról, **13.** heyskaparamboð, **15.** viðkvæmni, **16.** töf, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** ná, **8.** sms, **9.** æsa, **11.** ás, **12.** strok, **14.** skran, **16.** hæ, **17.** fræ, **18.** ilm, **20.** lm, **21.** klór.
**LÓÐRÉTT: 1.** fnæs, **3.** ms, **4.** smákarl, **5.** uss, **7.** ástsæll, **10.** ark, **13.** orf, **15.** næmi, **16.** hik, **19.** mó.




J.S.BACH BWV 245
JÓHANNESARPASSÍA

HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK
FÖSTUDAGINN 1. APRÍL 2011 KL. 20
LAUGARDAGINN 2. APRÍL 2011 KL. 17

MENNINGARHÚSIÐ HOF AKUREYRI
SUNNUDAGINN 3. APRÍL 2011 KL. 17
MINNINGARTÓNLEIKAR UM ÁSKEL JÓNSSON SÖNGSTJÓRA F. 5. APRÍL 1911.

ÞÓRA EINARSDÓTTIR SÓPRAN · ÁGÚST ÓLAFSSON BASSI/PÍLATUS
ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON BASSI/JESÚS · SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR ALT
BENEDIKT KRISTJÁNSSON TENÓR/GUÐSPJALLAMAÐUR

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
ALÞJÓÐLEGA BAROKKSVEITIN Í DEN HAAG
STJÓRNANDI HÖRÐUR ÁSKELSSON



MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU · SÍMI: 510 1000 · MIÐAVERÐ: 4.900 KR./3.900 KR.
MIÐASALA HOFI AKUREYRI · SÍMI: 450 1000 · MIÐAVERÐ: 3.900 KR.

WWW.MENNINGARHUS.IS WWW.LISTVINAFELAG.IS

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 29. STARFSÁR

ELTON LYSI Reykjavíkurborg midi.is



Afsláttar-dagur

Landsins mesta úrval af lífrænum vörum

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Yggdrasill

Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082

Yggdrasill verslun er staðsett við Hlemm
www.yggdrasill.is


# Gólið í afsagnarkórnum

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Þá byrjar það enn á ný, rammfalskt og taktlaust gólið í afsagnarkór stjórnarandstöðunnar. Um er að ræða endurflutning á verkinu „Jóhanna Sig. á að segja af sér“. Ég tel að ég sé ekki sú eina sem kysi heldur að sitja í gegnumtrekk í hálfkláraðri Hörpunni undir Niflungahring Wagners í flutningi skólahljómsveitar leikskólans Grænuborgar.

**ÞÓTT** ég hafi á mínum yngri árum skráð mig í stjórnmálaflokk, sem ég valdi – eins og skynsömum aktivista ber – eftir því hvar bestu partíin var að finna, er atkvæði mitt allra flokkanna að keppa um. Fyrir mér er pólitík ekki eins og fótbolti þar sem áhangendur styðja lið sitt óháð frammistöðu. Sem gegnheill tækifærissinni krossa ég einfaldlega við þann sem býður best.

**ÞVÍ FÆ** ég með engu móti skilið strategíu stjórnarandstöðunnar. Eins áfjáð og hún virðist í völd gerir hún ekkert til að sýna fram á að hún sé mögulegur staðgengill þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar. Í stað heildstæðrar og ígrundaðrar stefnu miðlar hún litlu öðru til kjósenda en ósk sinni um að komast til valda með upphrópunum um að núverandi stjórn beri að víkja. Ríkisstjórnin á að segja af sér vegna Icesave, aðgerðaleysis, góðs gengis Sjálfstæðisflokksins í einni skoðanakönnun, efnahagsástandsins, af „ýmsum ástæðum“ (skv. Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni) og nú síðast vegna þess að Jóhanna Sigurðardóttir réði í starf hjá forsætisráðuneytinu aðila sem ráðgjafar töldu hæfastan til að gegna stöðunni. Hefur stjórnarandstaðan aldrei heyrt dæmisöguna um drenginn sem hrópaði úlfur, úlfur?

**VISSULEGA** er miður að betur hefði mátt standa að ráðningunni í forsætisráðuneytinu. Það að halda því fram að málið beri vott um að forsætisráðherra, kona sem áratugum saman hefur verið einn ötulasti baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna, láti sig skyndilega jafnréttismál engu varða og eigi að segja af sér er firra. Það þýðir þó ekki að stjórnarandstaðan megi ekki gera sér mat úr uppákomunni. Hvers vegna útlistar hún ekki fyrir okkur kjósendum hvernig hún myndi betrumbæta ráðningarferli innan stjórnsýslunnar kæmist hún til valda?

**INNANTÓM** köll stjórnarandstöðunnar um afsögn ríkisstjórnarinnar og forsætisráðherra hennar misbjóða vitsmunum kjósenda. Þar að auki gera þau ekkert til að afla henni atkvæða. Í stað þess að stagast á framgöngu núverandi stjórnar og kröfum um að hún víki væri ráð að stjórnarandstaðan tæki að greina kjósendum frá því hvaða aðrir kostir eru í boði. Kjörtímabilið er jú að verða hálfnað.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.

Þú færð meira af öllu á Vísi.




Meiri Vísir.

vísir

SKANNAÐU SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:40 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.45 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | 6 - 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU SAMbio.is


# Ellefu hljómsveitir í úrslitum

Ellefu hljómsveitir hafa verið valdar til þátttöku í úrslitum Músíktilrauna sem verða haldin í Íslensku óperunni á laugardaginn. „Það eru rosalega flottar hljómsveitir komnar. Þetta eru mjög fjölbreytt bönd, dálítið rokkuð en inni á milli er smá raftónlist, þungarokk og eitístónlist,“ segir Einar Rafn Þórhallsson, skipuleggjandi Músíktilrauna.

Fjórða og síðasta undanúrslitakvöldinu lauk í Tjarnarbíói á mánudagskvöld. Salurinn kaus áfram hljómsveitina Primavera, sem er skipuð fimm ungmennum úr Kópavogi sem spila klassískt rokk. Dómnefndin valdi rokkbandið My Final Warning. Áður höfðu tryggt sér sæti í úrslitunum rokkbandið Postartica, sem er meðal annars skipað Minnu Rún Pálmadóttur, dóttur söngvarans Pálma Gunnarssonar, djass-fusion-fönkbandið Virtual Times, hljómsveitirnar Murrk og Súr, rafpoppararnir í Samaris og prog-rokkararnir í For the Sun Is Red. Í gær valdi dómnefndin svo aukalega hljómsveitirnar The Wicked Strangers, Askur Yggdrasils og Joe and the Dragon.



**PRIMAVERA** Melkorka Sjöfn Magnúsdóttir, söngkona Primavera, sem keppir í úrslitunum á laugardaginn.

Einar Rafn býst við skemmtilegu úrslitakvöldi. „Hljómsveitirnar hafa núna viku til að undirbúa sig fyrir kvöldið og koma með eitt nýtt lag en þau eru með þrjú á úrslitakvöldinu,“ segir hann.

Úrslitin hefjast klukkan 16 á laugardaginn og mun sigursveitin frá því í fyrra, Of Monsters and Men, hefja kvöldið. **- fb**

# Götótt saga riðar til falls

**Bíó ★★**

**The Adjustment Bureau**

Leikstjóri: George Nolfi

**Leikarar:** Matt Damon, Emily Blunt, Anthony Mackie, John Slattery, Terence Stamp



David Norris (Matt Damon) er piparsveinn í framboði til bandaríska öldungadeildarþingsins. Hann nær ekki kjöri en þegar hann bregður sér á snyrtinguna til að æfa tapræðuna sína rekst hann á hina undurfögru Elise (Emily Blunt). Þau eiga saman rómantíska stund á snyrtingunni og verða ástfangin, en áður en langt um líður er Norris klófestur af einhvers konar leyniþjónustu, sem sér til þess að aðdragandi heimsviðburða gangi samkvæmt fyrirfram ákveðinni forskrift. Leyniþjónustumennirnir vara Norris við og segja honum að honum sé ekki ætlað að vera með Elise og að mikilvægir atburðir framtíðarinnar velti á því að hann virði þau tilmæli.

Söguléttan hljómar eflaust kjánalega í ykkar eyrum, og vissulega er hún það, en framan af er hægt að fyrirgefa það í þágu afþreyingarinnar. Myndin nær upp sæmilegri spennu og óvenjulegt er að fylgjast með hasar þar sem aðalpersónan berst fyrir ástinni en ekki til að halda lífi og limum. Eina ógnin við Norris er í raun sú að vera sviptur frelsi til að elska manneskjuna sem hann þráir. Leyniþjónustan hótar að vísu að „núllstilla“ í honum heilann, sem yrði til þess að minningar hans myndu þurrkast út og hann yrði slefandi kálhaus, en örlagaløggurnar vilja þó ekki grípa til þess ráðs nema þær hreinlega neyðist til þess.

Það háir myndinni töluvert hversu alvarlega hún tekur sjálfa sig. Jafn vitfirrtur söguþráður og þessi hefði haft gott af léttara andrúmslofti og jafnvel nokkrum bröndurum á eigin kostnað. Sem ævintýramynd er hún nokkuð spennandi, en dramatíkin ristir ekki djúpt og sennilega er það vegna þess hversu ótrúverðug myndin er. Það er hægt að fá áhorfendur til þess að trúa hverju sem er ef forsendur sögunnar eru matreiddar rétt. Það kvartaði til dæmis enginn undan ótrúverðugleika Jurassic Park vegna þess að formálinn var fullkominn. En hér hefði mátt gera betur og verður óvandvirknin eiginlega til þess að myndin riðar hægt og rólega til falls eftir því sem lengra á hana líður.

Ég vil þó ekki vera óþarflega neikvæður. The Adjustment Bureau er vel nothæf til þess að maula popp yfir á sunnudagseftirmiðdegi. En lengra nær notagildið ekki.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Furðuleg froða sem hefði getað verið miklu betri. Núllstilling á heila áhorfandans gerir mögulega gæfumuninn.


# Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK


# Tekur Bylgjuna í sátt

Tónlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson hefur ákveðið að afnema bann sem hann setti við flutningi laga sinna á Bylgjunni. Þetta gerði hann eftir viðræður við Pálma Guðmundsson, framkvæmdastjóra dagskrársviðs 365 miðla, og Eirík Tómasson, framkvæmdastjóra STEFs.

Þrátt fyrir bannið, sem Jóhann setti 22. febrúar, hélt Bylgjan áfram að spila lögin hans, þar á meðal Don't Try to Fool Me, Eina ósk, Hvers vegna varst' ekki kyrr og Traustur vinur. Ástæðan er sú að engar lagalegar heimildir voru fyrir því að banna lög hans á einni útvarpsstöð.

„Það er bara til ein tegund af banni við tónlist, sem heitir allsherjarbann, og það gildir fyrir allar stöðvar. Það átti ekki við í þessu tilfelli. Við tókum lögin ekki úr spilun en hófum strax viðræður við Jóhann,“ segir Pálmi, sem er ánægður með lendinguna í málinu. „Við viljum starfa í sátt og samlyndi við tónlistarfólk og hagsmunaaðila og að sjálfsögðu erum við glöð með þessa niðurstöðu.“



**AFNEMUR BANN** Tónlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson hefur afnumið bann við flutningi laga sinna.

Í yfirlýsingu sem send var út til fjölmiðla segir Jóhann: „Í ljósi nýlegs samkomulags milli FTT (Félag tónskálda og textahöfunda) og Bylgjunnar, sem gert var í kjölfar bannsins, og góðra undirtekta sem hugmyndir mínar varðandi flutning íslenskrar tónlistar hafa fengið í nefndum viðræðum, þá tel ég að bannið hafi skilað viðunandi árangri.“ **- fb**


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS SÝND Í LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 10.15 | 14 |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AUKAKRÓNUR 5%

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| NO STRINGS ATTACHED | 5.50 og 10.10 |
| RANGO - ENS TAL | 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6 og 10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| **ROKLAND** | 17:40, 22:00 |
| **THE FIGHTER** (14) | 17;40, 20:00, 22:20 |
| **FOUR LIONS** (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| **ANNAÐ ÁR** (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 22:10 |
| **INSIDE JOB** | 22:40 |




MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


ELDFÆRIN
Geisladiskur með
lögum og sögum
væntanlegur í apríl!
Vertu með okkur á Facebook
og þú gætir unnið eintak!
Baunagrasið í samstarfi við Borgaleikhúsið kynnir:
Góa og Þröst Leó í Ævintýrunum
Sögustund
með öllum töfrum leikhússins
Frumsýnt 2. apríl - forsala í fullum gangi!
LAU 2/4 KL. 11:00 Örfá sæti
LAU 2/4 KL. 13:00 UPPSELT
SUN 3/4 KL. 13:00 UPPSELT
LAU 9/4 KL. 13:00 Örfá sæti
LAU 9/4 KL. 14:30 UPPSELT
SUN 10/4 KL. 13:00 UPPSELT
SUN 10/4 KL. 14:30 UPPSELT
LAU 16/4 KL. 13:00
LAU 16/4 KL. 14:30
SUN 17/4 KL. 13:00
SUN 17/4 KL. 14:30
LAU 30/4 KL. 13:00
Svali
BAUNAGRASIÐ
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# sport

sport@frettabladid.is



**ANNA ÚRSULA GUÐMUNDSDÓTTIR** var í gær valin besti leikmaður seinni umferðar N1-deildar kvenna. Hilmar Guðlaugsson, þjálfari HK, var valinn besti þjálfarinn. Valsstúlkan Anna er í úrvalsliðinu sem og Framarinn Íris Björk Símonardóttir markvörður. Hornamenn eru Guðbjörg Guðmannsdóttir ÍBV og Guðrún Hálfdánardóttir frá Fram. Skyttur eru Framarinn Stella Sigurðardóttir og Kristín Guðmundsdóttir Val. Miðjumaður er síðan Brynja Magnúsdóttir úr HK.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan - Snæfell 93-87 (39-41)**

**Stig Stjörnunnar**: Jovan Zdravevski 38/10 fráköst, Renato Lindmets 15, Justin Shouse 13/15 stoðs., Daníel G. Guðmundsson 10, Fannar Freyr Helgason 9, Marvin Valdimarsson 4, Guðjón Lárusson 2, Ólafur Aron Ingvason 2.

**Stig Snæfells**: Jón Ólafur Jónsson 24, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 22, Zeljko Bojovic 15, Ryan Amaroso 15, Sean Burton 11/9 stoðs./6 frák.

Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir Stjörnunni.

### *Iceland Express-d. kvenna:*

**Hamar - Njarðvík 67-74 (40-41)**

**Stig Hamars**: Jaleesa Butler 34/11 frák., Slavica Dimovska 10/11 stoðs., Íris Ásgeirsdóttir 9, Fanney Lind Guðmundsdóttir 8, Þórunn Bjarnadóttir 4, Kristrún Sigurjónsdóttir 2.

**Stig Njarðvíkur**: Shayla Fields 25, Julia Demirer 14/15 frák., Dita Liepkalne 13/10 fráköst, Ólöf Helga Pálsdóttir 10, Eyrún Líf Sigurðardóttir 5, Auður R. Jónsdóttir 5, Ína María Einarsdóttir 2.

### *Undankeppni EM:*

**A-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Tyrkland - Austurríki | 2-0 |
| Belgía - Aserbaídsjan | 4-1 |

**Staðan:** *Þýskaland 15 stig, Belgía 10, Tyrkland 9, Austurríki 7, Aserbaídsjan 3, Kasakstan 0.*

**C-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Eistland - Serbía | 1-1 |
| Norður-Írland - Slóvenía | 0-0 |

**Staðan**: *Ítalía 13 stig, Slóvenía 8, Serbía 8, Eistland 7, Norður-Írland 6, Færeyjar 1.*

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Rúmenía-Lúxemborg | 3-1 |

**Staðan**: *Frakkland 12 stig, Hvíta-Rússland 8, Albanía 8, Bosnía-Hersegóvína 7, Rúmenía 5, Lúxemborg 1.*

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Svíþjóð - Moldavía | 2-1 |
| Holland - Ungverjaland | 5-3 |

**Staðan**: *Holland 18 stig, Ungverjaland 9, Svíþjóð 9, Moldavía 6, Finnland 3, San Marínó 0.*

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Ísrael-Georgía | 1-0 |

**Staðan**: *Grikkland 11 stig, Króatía 10, Ísrael 10, Georgía 9, Lettland 4, Malta 0.*

**I-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Tékkland-Liechtenstein | 2-0 |
| Litháen-Spánn | 1-3 |

**Staðan**: *Spánn 15 stig, Tékkland 9, Skotland 4, Litháen 4, Liechtenstein 0.*

### *Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| Kýpur - Búlgaría | 0-1 |
| Slóvakía - Danmörk | 1-2 |
| Þýskaland - Ástralía | 1-2 |
| Írland - Úrugvæ | 2-3 |
| Úkraína - Ítalía | 0-2 |
| Frakkland - Króatía | 0-0 |
| Portúgal - Finnland | 2-0 |
| England - Gana | 1-1 |

### *Þýski handboltinn:*

**Kiel - Grosswallstadt 25-28**

Aron Pálmarsson skoraði fimm mörk fyrir Kiel.

**Füchse Berlin - Gummersbach 24-20**

Alexander Petersson skoraði eitt mark fyrir Berlin.

# Stjarnan farin að munda sópinn

**Stjörnumenn eru aðeins einum sigri frá því að sópa Íslandsmeisturum Snæfells úr leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla. Stjarnan komst í 2-0 í einvíginu í gær með dramatískum sigri á heimavelli.**

**KÖRFUBOLTI** Leikmenn Stjörnunnar halda áfram að endurskrifa körfuboltasögu félagsins. Fyrst tókst liðinu að komast í fyrsta skipti í undanúrslit og nú er liðið aðeins einum leik frá því að fara alla leið í sjálf úrslitin. Stjarnan vann afar dramatískan sigur á Snæfelli, 93-87, er liðin mættust í Garðabænum í gær.

„Þetta var svipað og síðast. Það kemur alltaf þessi flotti þriðji leikhluti hjá okkur. Við hleypum þeim svo inn aftur en náum að gera nógu mikið til þess að vinna leikinn. Þetta var ekkert glæsilegt," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar.

Gestirnir úr Hólminum byrjuðu leikinn betur og leiddu með tveimur stigum, 39-41, í hálfleik. Snæfell hleypti Stjörnunni inn í leikinn í lok hálfleiksins en hefði hæglega getað leitt með tíu stigum í hálfleik. Stjörnumenn komu svo afar beittir til síðari hálfleiks og unnu þriðja leikhlutann, 29-18.

Snæfell neitaði að gefast upp, kom til baka og komst yfir, 81-82. Þá tók Jovan Zdravevski til sinna ráða. Setti niður tvö þriggja stiga skot og svo gott sem kláraði leikinn. Jovan fór algjörlega hamförum í leiknum, skoraði 38 stig og var illviðráðanlegur.

„Þeir höfðu Jovan í dag. Svörtu sokkarnir hjá honum voru að skila sínu. Ég er viss um að allir krakkar í Garðabænum verði með svarta sokka upp að hnjám það sem eftir er," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, en hann og lærisveinar hans eru komnir með bakið upp við vegginn fræga.

„Þetta er ekki búið. Við eigum eftir að koma hingað aftur og vinna. Ég lít svo á að við eigum tvo heimaleiki eftir. Þeir vinna okkur ekki auðveldlega í Fjárhúsinu. Það eru bara meistaralið sem koma til baka eftir að hafa lent 2-0 undir en það er nákvæmlega það sem við stefnum að," sagði Ingi Þór ákveðinn en það verður að segjast eins og er að leikur liðsins er ekki sérstaklega sannfærandi þessa dagana og langt frá því að vera eins góður og þegar best lét í vetur.

„Það er alveg rétt að við erum í ákveðnum vandamálum. Það háir okkur vissulega að lykilmenn liðsins eru ekki 100 prósent heilir. Við ætlum samt að gefa allt sem við eigum í næsta leik," sagði Ingi Þór.

Á meðan Snæfell spilar ekki sinn besta leik leikur Stjarnan við hvurn sinn fingur. Sjálfstraustið skín af leikmönnum og þetta lið er til alls líklegt eins og staðan er í dag.

„Við vorum lélegir í fyrri hálfleik og þó svo við höfum unnið í dag eigum við enn meira inni. Takmarkið hjá okkur var alltaf að brjóta ísinn og komast í undanúrslit. Til hvers eigum við að láta það duga? Hingað erum við komnir og við ætlum að hafa gaman af því sem við erum að gera og bíta frá okkur í leiðinni," sagði Teitur Örlygsson einbeittur.

henry@frettabladid.is



**SVÖRTU SOKKARNIR** Stjörnumaðurinn Jovan Zdravevski fór algjörlega hamförum gegn Snæfelli í gær. Hann fær hér sendingu frá Justin Shouse. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Njarðvík gerði sér lítið fyrir og lagði deildarmeistara Hamars í oddaleik í Hveragerði í gær:

# Öskubuskuævintýri Njarðvíkur heldur áfram

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík braut blað í sögu félagsins þegar liðið tryggði sér í fyrsta sinn í úrslit um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna í gærkvöldi. Liðið hafði betur gegn Hamri á útivelli í oddaleik um sæti í úrslitum, 67-74. Njarðvík mun þar með mæta nágrönnum sínum úr Keflavík í úrslitum.

Íþróttahúsið í Hveragerði var troðfullt og voru bæði lið vel hvött áfram. Lætin á milli áhorfenda fór fram úr hófi á tímabili og lá við handalögmálum á milli áhorfenda. Leikurinn sjálfur var afar jafn og spennandi en gestirnir úr Njarðvík höfðu frumkvæðið lengst af í leiknum. Staðan í hálfleik var 52-55 fyrir Njarðvík.

Það var mögnuð barátta í Njarðvíkurliðinu sem tryggði liðinu áfram í úrslitaleikinn. Liðið barðist um hvern einasta bolta og fagnaði hverju stigi. Hungrið virtist ekki vera til staðar hjá deildarmeisturum Hamars.

„Ég er afar stoltur af liðinu og þetta var hrikalega gaman. Við hittum á hörkuleik og fengum mikilvægt framlag frá þeim stelpum sem komu af bekknum. Það vinnur ekkert lið Hamar án þess að spila vel og við lékum frábæra vörn," sagði Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Njarðvíkur, í leikslok.

Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, var daufur í dálkinn í leikslok. „Þetta eru mikil vonbrigði. Varnarleikur okkar var það sem varð okkur að falli. Njarðvík er með sterkt lið og leikgleðin virtist vera meiri þeirra megin," sagði Ágúst svekktur enda ætlaði hann sér meira. - jjk



**FÖGNUÐUR** Þær Ólöf Helga Pálsdóttir og Auður Jónsdóttir fagna hér glæsilegum sigri Njarðvíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ




# VIÐSKIPTAVINIR ATLANTSOLÍU ERU ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR OLÍUFÉLAGA Á ÍSLANDI.

ÞAÐ ER ELDSNEYTI Á OKKAR TANK.

# TAKK FYRIR OKKUR.



*VIÐSKIPTAVINIR ATLANTSOLÍU ERU
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR
OLÍUFÉLAGANNA SAMKVÆMT ÁNÆGJUVOGINNI.

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 53835 03/11

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

Málningarvörur · Kemi · Ab-Þrif · Gúmmívinnslan · Aðalskoðun · Te & Kaffi

## > Jim Carrey

„Ég fékk mikinn stuðning frá foreldrum mínum. Það er eitt af því sem ég hef alltaf kunnað að meta. Þau sögðu mér ekki að ég væri asnalegur; þau sögðu mér að ég væri fyndinn.“

***Jim Carrey leikur mann sem fer inn á heimili fólks og tengir sjónvarpskapalinn í gamanmyndinni sprenghlægilegu, The Cable Guy, sem er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON KYNNTI SÉR BARCELONA MEÐ HJÁLP ÚR ÓVÆNTRI ÁTT

## *Arnar og Ívar á framandi slóðum*

Félagarnir Arnar Grant og Ívar Guðmundsson hafa hingað til verið þekktir fyrir samstarf á sviði prótínvöruframleiðslu, en venda kvæði sínu í kross í þáttunum Arnar og Ívar á ferð og flugi, sem Stöð 2 sýnir á fimmtudagskvöldum. Í þáttunum ferðast Arnar og Ívar um heiminn og kynna sér menningu, mat og aðrar lystisemdir þjóða sem eru okkur framandi.

Ljóst er eftir fyrsta þáttinn að Arnar Grant er óþrjótandi viskubrunnur um Spán og þá sérstaklega katalónsku borgina Barcelona. Hann kom stöðugt á óvart í þættinum, enda valt viskan hreinlega af vörum hans. Þekking Arnars er ekki aðeins landfræðileg því hann fræddi



áhorfendur einnig um spænska smárétti, tapas-rétti svokallaða, ásamt því að vera ávallt með svör við óteljandi spurningum Ívars á reiðum höndum.

Mér fannst þó ekki koma nógu skýrt fram í þættinum hvaða flugfélag sér um að fljúga með Arnar og Ívar um heiminn. Skilaboðin fyrir, eftir og í miðjum þætti komust alls ekki nógu vel til skila og þeir hefðu að ósekju mátt telja upp borgirnar sem umrætt flugfélag flýgur til oftar en aðeins í byrjun þáttarins. Loks saknaði ég þess að heyra nafn íslenska prótíndrykkjarins sem þeir drukku í þættinum. Það var óþarfi að láta mann bíða eftir auglýsingahléi til að komast að því.

### SJÓNVARPIÐ

**15.40 Steypa** (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Reiðskólinn** (1:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (27:42)
**18.30 Fínni kostur** (6:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik leiks Fram og Stjörnunnar í úrslitakeppni kvenna.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Í stríði við sorpið** (Garbage Warrior) Bresk heimildarmynd um arkitektinn Michael Reynolds og baráttu hans fyrir sjálfbærum húsum. Þetta er saga af óvenjulegum manni sem á sér þann draum að breyta heiminum og um sigur hans yfir skrifræðinu.
**23.40 Landinn** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**06.05 The Cable Guy**
**08.00 Drillbit Taylor**
**10.00 More of Me**
**12.00 Mostly Ghostly**
**14.00 Drillbit Taylor**
**16.00 More of Me**
**18.00 Mostly Ghostly**
**20.00 The Cable Guy**
**22.00 Twelve Monkeys**
**00.05 Illegal Tender**
**02.00 Copperhead**
**04.00 Twelve Monkeys**
**06.00 Road Trip**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (9:22)
**11.00 Cold Case** (11:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (22:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:12)
**13.25 Gossip Girl** (9:22)
**14.10 E.R.** (22:22)
**15.00 iCarly** (6:45)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (20:23)
**20.10 Hamingjan sanna** (3:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**20.50 Pretty Little Liars** (19:22)
**21.35 Grey's Anatomy** (17:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.25 Ghost Whisperer** (3:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**23.10 Sex and the City** (7:8)
**23.45 NCIS** (7:24)
**00.30 Fringe** (7:22)
**01.15 Life on Mars** (15:17)
**02.00 The Comebacks**
**03.25 The Trail**
**05.00 Pretty Little Liars** (19:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - Snæfell**
**15.45 Stjarnan - Snæfell** Útsending frá leik Stjörnunnar og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik.
**17.30 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Gummersbach** Útsending frá leik Fuchse Berlin og Gummersbach í þýska handboltanum.
**20.10 Bremen - Anderlecht 1993** Þjóðverjar og Belgar hafa marga hildi háð á knattspyrnuvellinum. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisstæðari. Fyrirfram var búist með jafnri viðureign þar sem varnarleikurinn yrði í hávegum hafður. Annað kom á daginn og mörkunum bókstaflega rigndi á Weserstadion í Brimarborg.
**21.55 Indonasia PGA Championship** Útsending frá lokahringnum á fyrsta mótinu í OneAsia-mótaröðinni í golfi. Mótið fer fram í Jakarta í Indónesíu.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**20.00 Newcastle - Tottenham** Útsending frá leik Newcastle United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
**21.45 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.15 Paolo Maldini** Sýnt frá bestu knattspyrnumönnum samtímans og að þessu sinni er komið að Paolo Maldini.
**22.45 Newcastle - Man. City** Útsending frá leik Newcastle United og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**07.35 Matarklúbburinn** (1:7)
**08.00 Dr. Phil** (144:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Dr. Phil** (145:181)
**17.20 Innlit: útlit** (4:10)
**17.50 Dyngjan** (7:12)
**18.40 Judging Amy** (22:22)
**19.25 Will & Grace** (13:24)
**19.50 Spjallið með Sölva** (7:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru, allt í opinni dagskrá.
**20.30 Blue Bloods** (9:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos-fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.20 America's Next Top Model - NÝTT** (1:13) Bandarískur raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.10 Rabbit Falls NÝTT!** (1:8) Kanadísk spennuþáttaröð. Lögreglukonan Tara Wheaton tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall.
**22.40 Jay Leno** (222:260)
**23.25 Hawaii Five-0** (4:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum.
**00.00 Dyngjan** (7:12)
**00.10 Law & Order: LA** (1:22)
**00.50 Innlit: útlit** (4:10)
**00.55 Will & Grace** (13:24)
**01.15 Blue Bloods** (9:22)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**15.50 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World** (53:240)
**18.50 Inside the PGA Tour** (12:42)
**19.20 LPGA Highlights** (4:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (5:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (13:42)
**22.00 Golfing World** (53:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (12:45)

### EXTRA

**19.35 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (20:28)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Bones** (1:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.35 Burn Notice** (15:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.20 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**23.45 Falcon Crest** (20:28)
**00.35 The Doctors**
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Gamli ritstjórinn í fínu formi.
**20.30 Já** Síðast fundust engir jáarar, einhver furða?
**21.00 Nei** Hallur Hallsson stýrir þætti andstæðinga Icesave-samningsins.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun
í Fréttablaðinu mánudaga




**Allt sem þú þarft...**

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.25

**Grey's Anatomy**

Læknarnir á Seattle Grace mæta aftur til leiks eftir stutt hlé. Richard vill að Derek og Meredith taki Adele í Alzheimer-tilraunaverkefnið sitt. Mark og Arizona undirbúa veislu fyrir Callie en eru ekki sammála um hvernig það á að vera.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Jónas Jónasson **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Jónas Hallgrímsson og íslensk ljóðhefð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.00** Deal or No Deal **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Top Gear **11.30** Keeping Up Appearances **12.00** 'Allo 'Allo! **12.35** Fawlty Towers **13.10** The Inspector Lynley Mysteries **13.55** The Inspector Lynley Mysteries **14.40** Deal or No Deal **15.15** Deal or No Deal **15.50** Keeping Up Appearances **16.20** 'Allo 'Allo! **16.55** Fawlty Towers **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo

### DR 1

**12.00** Vores Liv **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Skæg med tal **14.53** Jeg er et dyr! **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Smag på Norden **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Pigen der forsvandt **20.50** En splittet familie **21.35** OBS **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Blekingegadebanden **22.45** Godnat

### NRK 1

**13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Den nordiske smaken **14.40** Filmavisen 1960 **14.50** Tradisjonshandverk **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Åse tonight **20.10** Migrapolis **20.50** Fysikk på roterommet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Oppdrag Sognefjorden **22.15** Brennpunkt **23.15** Kjærlighetshagen

### SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Plus **11.05** Plötsligt i somras **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Borgen **20.00** The Event **20.45** Simma lugnt, Larry! **21.15** Skavlan **22.15** Mästarnas mästare **23.15** Rapport






**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það myndi vera taílenski skyndibitastaðurinn Yummy Yummy á Hlemmi. Þar er hægt að fá mjög vel kryddaðar núðlur.“*

Margrét Björnsdóttir, fyndnasti Verslingurinn.

# Framhaldsskólanemar flykkjast norður

„Það er komin rosaleg spenna í mannskapinn hér á Akureyri,“ segir Óli Dagur Valtýsson, formaður skólafélags Menntaskólans á Akureyri.

Hinn 9. apríl fer Söngkeppni framhaldsskólanna fram á Akureyri. Forsvarsmenn keppninnar reikna með því að gríðarlegur fjöldi framhaldsskólanema haldi norður til að hvetja sinn skóla og því ljóst að bærinn verður fullur af lífi. „Það verður allt að gerast á Akureyri þessa helgi,“ segir Tindur Óli Jensson, verkefnastjóri AM Events, en fyrirtækið skipuleggur söngkeppnina. Tindur segir að um 2000 nemendur fari á sjálfa söngkeppnina, en að þessa sömu helgi fari einnig fram snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme og því verði enn þá meira um að vera norðan heiða. Margir af bestu tónlistarmönnum landsins verða í Akureyrarbæ umrædda helgi. „Við hjá AM Events verðum með áfengislaust ball fyrir 16 ára og eldri, en þar spila Agent Fresco, Danni Deluxe og Skítamórall,“ segir Tindur. Á Græna hattinum verður heljarinnar tónleikadagskrá á vegum AK Extreme og eins koma tónlistarmennirnir Blaz Roca og Friðrik Dór fram í Sjallanum á föstudagskvöldinu.



**KRISTMUNDUR SLÓ Í GEGN** Kristmundur Axel vann söngkeppnina í fyrra með lagið „Komdu til baka“, en lagið sló í gegn í kjölfarið og fékk mikla spilun á útvarpsrásunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það verður hins vegar ekki auðvelt að fá gistingu í bænum þessa helgi, en rúmur mánuður er síðan öll gistiheimili og hótel voru fullbókuð. „Þetta er í fyrsta skipti í þau fimm ár sem við höfum séð um keppnina, að hvert einasta gistipláss á Akureyri er uppbókað. Við vorum meira að segja í vandræðum með að redda gistingu fyrir starfsmennina okkar,“ segir Tindur í léttum dúr. Þeir sem ekki fara norður til að fylgjast með söngkeppninni þurfa ekki að örvænta, því keppnin verður í beinni útsendingu og í opinni dagskrá á Stöð 2. **- ka**


Amerískir með klakavél



Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

Tilboð

kr. 369.000 stgr.

Verðlistaverð kr. 461.250

GCE21LGY / Stærð: h 177.5 x b 90.9 x d 63 sm

Kælir: 383 ltr. / Frystir: 172 ltr. Stálhurðir / Orkuflokkur A

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


DAVÍÐ ÞORSTEINSSON: ÞESSI MYND LEYNIR ÓTRÚLEGA Á SÉR

# Eðlisfræðikennari skrifaði lærða grein um Lebowski

„Þessi mynd leynir alveg ótrúlega á sér. Það er ekki hægt að fá leiða á henni,“ segir Davíð Þorsteinsson, eðlisfræðikennari í Menntaskólanum í Reykjavík og aðdáandi bandarísku gamanmyndarinnar The Big Lebowski eftir Coen-bræður.

Löng grein sem Davíð skrifaði um hin ýmsu tákn sem liggja undir yfirborðinu í The Big Lebowski birtist nýverið á bandarísku vefsíðunni Dudespaper.com sem er helguð aðalpersónunni The Dude. Davíð til halds og trausts við vinnslu greinarinnar var vinkona hans Sigríður Björnsdóttir og voru þau nokkrar vikur að fullvinna hana. Þar fjalla þau um tengsl myndarinnar við trúarbrögð, heimspeki og Tarot-spil.

„Við erum miklir aðdáendur myndarinnar og höfum horft á hana í tugi skipta. Við höfum rætt um hana heima hjá okkur og í heitum pottum í sumarbústöðum og okkur fannst kominn tími til að ljúka þessu með þessum hætti,“ segir Davíð, sem rakst á síðuna þegar hann var að leita að upplýsingum um myndina. „Það er gaman að greinin skyldi vera birt og þeir voru ánægðir með hana „dúdarnir“ sem sjá um síðuna.“

The Big Lebowski gerist í Los Angeles og fjallar um atvinnulausa keiluspilarann The Dude og vini hans. Frá því að myndin var frumsýnd 1998 hefur hún smám saman öðlast költ-stöðu bæði hér heima og erlendis. Í Reykjavík hefur verið haldin árleg Lebowski-hátíð og í Bandaríkjunum hafa verið haldnar ráðstefnur þar sem leikarar myndarinnar, þar á meðal aðalleikarinn Jeff Bridges, hafa látið sjá sig.

Davíð segir að myndin sé margslungnari en margir halda, eins og kemur berlega í ljós þegar grein hans er lesin. „Mikið af tarothugleiðingunum er frá Siggu en ég hafði mestan áhuga á því sem mér sýndist vera Biblíutilvitnanir og heimspekitilvitnanir, sem eru þarna, engin spurning,“ segir hann.





**LEBOWSKI-ÁHUGAMAÐUR** Davíð Þorsteinsson hefur skrifað lærða grein um The Big Lebowski á síðunni Dudespaper.com. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Davíð, sem verður 63 ára á þessu ári, viðurkennir að margir í kringum hann séu undrandi á þessu óvenjulega áhugamáli hans. „Ég held að fólki finnist allur áhugi sem skilar sér ekki í beinhörðum peningum frekar undarlegur. En ég hef alltaf fengið sterk áhugamál. Ég var einu sinni með áhuga á Passíusálmunum og það fannst fólki algjörlega óþolandi en á meðan maður er með áhugamál er maður í einhverjum skilningi lifandi.“

Davíð er einnig með ljósmyndabók í smíðum sem hann vonast til að gefa út síðar á þessu ári.

freyr@frettabladid.is


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Busta kemur óhræddur til Íslands

Bandaríski rapparinn Busta Rhymes stígur á svið í Vodafonehöllini 18. maí.

Í desember ætlaði Arnviður Snorrason, annar af skipuleggjendum tónleikanna, að flytja inn annan rappara, The Game, en hann hætti við með örstuttum fyrirvara. „Það voru tvær ástæður fyrir því að hann kom ekki. Það var veðrið sem var hérna og hann hafði lent í flughremmingum sem ollu þessari flughræðslu hjá honum. Ég hef ekki lent í flughremmingum sjálfur en ég hef heyrt af fólki sem hefur lent í slíku. Það hefur verið mjög lengi að jafna sig en ég held að Busta Rhymes sé ekki hræddur við neitt,“ segir Arnviður.

Rapparinn flýgur hingað til lands ásamt sjö manna hópi og ætla þeir að dvelja hérna í tvo daga. Aðspurður segir Arnviður að erfitt hafi verið að ná Rhymes til landsins. „Ég er búinn að vera að vinna að því í fjóra mánuði. Ég þurfti að fara nokkrar krókaleiðir til að ná honum og það er búin að vera svolítil óvissa en svo loksins náði ég honum.“ **- fb**



**TIL ÍSLANDS** Rapparinn Busta Rhymes er á leiðinni til Íslands í maí.


Við eigum 10 ára afmæli í Kringlunni.
● Nýjar vorvörur
● Fallegir litir
● Flott snið
20% afsl.
af öllum vörum
miðvikudag til sunnudags
COMPANYS
KRINGLUNNI | s.512 1766 | www.ntc.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ólyginn skáldskapur

Eins og Fréttablaðið greindi frá á mánudaginn eru ansi mikil líkindi með sögu blaðakonunnar Láru úr Pressu, sem **Sara Dögg Ásgeirsdóttir** leikur, og Erlu Hlynsdóttur, blaðakonu á Vísi.is. Erla bloggaði sjálf um þessi líkindi og nefndi þá til sögunnar 800 þúsund króna sekt sem hún var dæmd til að greiða. Og rétt eins og Lára í þáttunum átti hún í erfiðleikum með að fá vinnuveitanda sinn til að taka þátt í greiðslu sektarinnar. Þessi líkindi virðast hreinlega ekki vera nein tilviljun því Fréttablaðið hefur fyrir satt að líkt og Lára keyri Erla um á dökkblárri Toyota Corolla Station bifreið. Bíða menn nú spenntir eftir næstu hliðstæðu.



### Icelandair og Einar Ben

Lengi hefur verið grínast með það þegar athafnaskáldið Einar Benediktsson gerðist svo stórtækur snemma á síðustu öld að vilja selja útlendingum norðurljósin og þúfur í sveitum landsins. **Björgólfur Jóhannsson**, forstjóri Icelandair Group, var í svipuðum skýjaborgum og Einar á Kauphallardegi Arion Banka í gær. „Við getum selt myrkrið og norðurljósin,“ sagði hann í þeim hluta erindisins sem fjallaði um vannýtt tækifæri í ferðaþjónustu yfir vetrartímann.

-fgg, jab



## Mest lesið VÍSIR


1. Húsleitir í Lúxemborg – Ólafur á staðnum
2. Málari breyttist í bókhaldara
3. Kaupverð Landsvirkjunar notað til að bjarga OR
4. Sundmaðurinn ekki alvarlega slasaður
5. Kærir aflífun Chrystel til innanríkisráðuneytisins






# VORTILBOÐ

**20-50% afsláttur**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

## MINNUM Á OKKAR FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐ!

## Veldu það besta! Kauptu íslenskt

### ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm**

**Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa VISA / EURO greiðsludreifingu**



# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum!**

**Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ IPHONE 4**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM